kjarninn
43. útgáfa – 12. júní 2014 – vika 24



LEIKURINN HAFINN

Svikalogn er í íslensku hagkerfi og gríðarleg þensla fram undan. Ástandið minnir á árið 2002, upphaf síðasta góðærisskeiðs. Mun okkur reiða betur af núna?

+ Margrét Erla Maack skrifar um graða ferðamenn

+ Kappakstur rafbíla, Formúla E, hefst í haust

+ Í fyrsta sinn er hætta á að næsta kynslóð lifi skemur

43. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

12. júní 2014 – vika 24



DÓMSMÁL

Í tvígang hefur komið upp umræða um hæfi dómara í hrunmálum Sérstaks saksóknara



SJÓNVARP

Frumkvöðlastarf ekki alltaf skemmtilegt



KÍNA

Risar berjast um yfirráð yfir internetinu í Kína

Sigríður svarar sjö spurningum

Sjónvarpskonan Sigríður Vilhjálmsdóttir heldur upp á A love supreme með John Coltrane og þolir ekki tuð á innsoginu.

Er þetta fugl? Flugvél? Eða er þetta dróni?

Parrot Minidrone er ofursmár fljúgandi dróni sem er væntanlegur á markað síðar á þessu ári.

Innflytjendaumræða skammt á veg komin

Sunnefa Valdimarsdóttir segir Íslendinga vera að slíta barnskónum í umræðu um innflytjendur.

Samfélagsmiðill fagmannsins

LinkedIn nýtur sífellt vaxandi vinsælda á Íslandi.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.



LEIÐARI
Ægir Þór Eysteinsson

Smelludólgslæti og almenn leiðindi

Ægir Þór Eysteinsson skrifar um hvernig gagnrýnin tapar í grímulausri baráttu fjölmiðlanna um músasmellina.

Á Íslandi þrífst um margt einkennilegt fjölmiðlalandslag. Landslag sem einkennist einna helst af kappi án forsjár sem virkar oft og tíðum forheimskandi og beinlínis skaðlegt lýðræðislegri umræðu. Hér á landi er stærsta dagblaðinu troðið ókeypis inn um bréfalúguna hjá flestum heimilum landsins, og svo mikill er yfirgangurinn að hver sá sem ekki vill fá blaðið inn í forstofuna sína þarf að biðja sérstaklega um að fá það ekki óvelkomið inn á heimilið sitt. Þá les margur umrætt blað af vana fremur en forvitni og prísar sig sælan yfir því að þurfa ekki að greiða fyrir sinn ráðlagða dagskammt af fréttum, fróðleik og kúríósu. Sú gleði er samt ekki fyllilega á rökum reist, því allir þurfa jú að borga fyrir að urða pappírinn sem til fellur vegna þessa.

Netmiðlarnir á Íslandi standa í blóðugri samkeppni um músasmelli, enda borga þeir reikningana. Miðlarnir eru fyrst og síðast reknir fyrir tekjur af auglýsingum og þá skiptir

auðvitað sköpum að smellirnir séu sem flestir. Og þá kárnar gamanið. Smelludólgarnir keppast um músasmellina með veigalitlum fréttum af afturendum alþjóðlegra stórstjarna og hvað hitt og þetta íslenska smástirnið ætlar að borða um helgina.

Allir blaðamenn og markaðsmenn vita að fyrirsagnir selja. Eitt eftirminnilegasta dæmið um hvað ósmekklegustu fyrirsögn seinni tíma, sem einn stærsti netmiðillinn birti á síðunni sinni fyrir skemmstu til að græða á grunlausum, hljóðaði svo: „John Grant skaut konu.“ Undirritaðan rak í rogastans við lestur fyrirsagnarinnar og var veiddur með tilþrifum í gildru smelludólgsins með framsetningunni. Þegar umrædd frétt var lesin kom hins vegar fljótlega í ljós að hinn geðþekki mjúkraddaði Íslandsvinur hafði alls ekki brugðið á það ráð að skjóta konu með köldu blóði, heldur greindarskertur nafni hans á fimmtugsaldri í Wisconsin-fylki í Bandaríkjunum. Umræddur maður skaut konuna sína með rafbyssu, en rekja mátti atvikið til veðmáls þeirra hjóna vegna þess að konan tapaði veðmáli um úrslit kappleiks sem fram fór í annarri heimsálfu.

„Smelludólgarnir keppast um músarsmellina með veigalitlum fréttum af afturendum alþjóðlegra stórstjarna og hvað hitt og þetta íslenska smástirnið ætlar að borða um helgina.“

Blaðamanninum, eða smelludólgnum öllu heldur, sem fannst sniðugt að snara músasmellum á frétt um einstaklega apalegt athæfi vestan hafs, með því að tengja hana við bandaríska listamanninn sem hefur dvalið hérlendis, rann kalt vatn milli skinns og hörunds þegar saklausir smellarar risu upp á afturlappirnar í vanþóknun. Fyrirsögninni á „fréttinni“ var enda seinna breytt.

Vafalítið er þetta frekar saklaust dæmi en það er nefnt hér til að undirstrika punkt. Alvarlegra er auðvitað hvernig íslenskir miðlar margir hverjir keppast um að birta fréttatilkynningar ýmist frá ærulausum útrásarvíkingum eða siðlausum stjórnmálamönnum, í vonlausri sjálfsbjargarviðleitni eða á atkvæðaveiðum á vafasömum forsendum, gagnrýnislaust. Mörg dæmi eru um að „blaðamenn“ netmiðlanna



Sæktu Sjónvarp Símans appið og taktu HM með þér í fríið
Með snjalltæki og Sjónvarp Símans appinu geturðu horft á útsendingar frá HM í fótbolta hvar sem er á 3G/4G neti Símans.

Síminn býður þér á opnunarleikinn
Opnunarleikur Brasilíu og Króatíu verður að sjálfsögðu í beinni og þú borgar ekkert fyrir að streyma honum með Sjónvarp Símans appinu í snjalltækinu ef þú ert á 3G/4G kerfi Símans.

Vertu í sterkara sambandi - Síminn **siminn.is**

hafi notað tölvurnar sínar af einstakri kostgæfni til að afrita og líma orð fyrir orð úr tilkynningum frá þeim sem hafa hagsmuna að gæta, án þess að hinkra til að hugsa. Þar skiptir hraðinn mestu máli, að ná músasmellunum áður en þeir fara annað, sannleikurinn og gagnrýnin geta bara beðið. Í slíkum kappleikjum tapar gagnrýnin umræða alltaf. Hversu afskræmt er þá hlutverk blaðamannsins orðið?

Vissulega á fólk ekkert að trúa öllu sem það les, bara alls ekki, en kapp fjölmiðlanna hlýtur og á að snúast um að vera með bestu fréttirnar, úthugsuðustu greiningarnar og annað sem skipir lýðræðislega umræðu máli, fremur en að ná sem flestum músasmellunum til að geta selt auglýsingar út á lesendur sína. Lesendur þeirra hljóta að eiga skilið að það sé komið fram við þá af meiri virðingu.

En eftirspurnin ræður auðvitað framboðinu. Það blasir við þegar rennt er yfir lista yfir mest lesnu fréttir netmiðlanna að margir hafa áhuga á því að vita hvort Tom Cruise er í alvöru andsetinn, eða hvar Maggi Scheving og nýja kærastan hans voru að viðra sig um helgina. Það vekur óneitanlega athygli og ótta í bland að markaðslögmálin séu farin að hafa meira afgerandi áhrif á fréttaflutning en vitneskja um málin sem skipta samfélagið máli.

Veislan á Íslandi er að byrja aftur. Hljómsveitin GusGus er byrjuð að leika fyrir dansi í fertugsafmælum sem haldin eru í sirkustjöldum úti í eyju. Gríðarlegt þensluskeið er í uppsiglingu, með alltumlykjandi gullæði vegna útlendu ferðamannanna sem hingað koma. Þensluskeið sem mun aftur bíta þjóðina hressilega í afturendann ef við erum ekki á varðbergi og gerum kröfur til fjölmiðlanna að þeir standi sig betur í stykkinu núna. Kjarninn er þar ekki undanskilinn.

Skiptir þess vegna ekki meira máli núna að vera upplýst um stöðuna á Íslandi, og að fjölmiðlar séu gagnrýnir, en að vita hvar Ásdís Rán elur manninn?

Þú getur veðjað músasmellunum þínum á það.

Titringur á litla Íslandi

Ísland er lítið og hér „þekkjast allir“ segja sumir. Meint tengsla dómara við ákærðu í héraðsdómi hafa endurtekið vakið umræðu.



DÓMSMÁL
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Þegar umfang mála er mikið í íslenska dómskerfinu geta komið upp margvísleg vandamál vegna þess hve landið er lítið og sérfræðiþekking af skornum skammti. Fáir hafa þá þekkingu og reynslu sem til þarf þegar meðdómendur eru kallaðir til í fjölskipaðan héraðsdóm. Þannig hefur það í tvígang gerst í hrunmálunum svokölluðu að meðdómendur í Héraðsdómi Reykjavíkur hafa orðið tilefni til opinberrar umræðu vegna tengsla og meintra tengsla við ákærðu í málunum.

Vann hjá dótturfyrirtæki Byrs

Einar Ingimundarson, lögfræðingur og hagfræðingur, var meðdómandi í fjölskipuðum dómi í Exeter-málinu svokallaða, en þegar hann var dómari í málinu gegndi hann stjórnunarstöðu hjá Íslenskum verðbréfum þar sem stærsti eigandinn var Byr sparisjóður. Tveir af ákærðu í Exeter-málinu voru Ragnar Z. Guðjónsson sparisjóðsstjóri og Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður sparisjóðsins. Til viðbótar var Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka, ákærður í málinu en þeir voru að lokum allir dæmdir sekir og til fangelsisvistar.

Einar lét vita af tengslum sínum þegar eftir starfskröftum hans var leitað en ekki var gerð athugasemd við tengslin þegar aðalmeðferð fór fram í málinu í fyrsta skipti, hvorki af hálfu saksóknara ákæruvaldsins né annarra. Dómsformaðurinn, Arngrímur Ísberg, mat Einar hæfan til þess að dæma í málinu.

Aftur nú í Aurum-málinu

Svipuð umræða hefur nú komið upp í hinu svokallaða Aurum-máli, og aftur eftir að dómur í héraði er fallinn. Í Exeter-málinu voru allir sýknaðir í fyrstu en dómurinn klofnaði. Einar og Arngrímur vildu sýkna alla en Ragnheiður Harðardóttir skilaði sératkvæði og vildi sakfella Ragnar og Jón Þorstein í málinu, en sýkna Styrmi Þór. Að lokum fór svo, eins og áður sagði, að allir voru dæmdir sekir.


FRJÁLS FERÐA ÞINNA
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 5956000 | SKJARINN.IS



Sýknaður
Jón Ásgeir Jóhannesson var sýknaður í Aurum málinu í héraðsdómi. Hann var aðaleigandi Glitnis fyrir bankahrun.

Eftir að dómur var kveðinn upp í Aurum-málinu svokallaða 5. júní síðastliðinn blossaði að nýju upp umræða um hvort meðdómari í málinu, Sverrir Ólafsson, prófessor í fjármálaverkfræði, væri hæfur til þess að dæma í málinu, en hann er bróðir Ólafs Ólafssonar fjárfestis, sem dæmdur hefur verið í þriggja og hálfs árs óskilorðsbundið fangelsi í héraði í hinu svokallaða Al-Thani máli. Niðurstaða Hæstaréttar í málinu liggur ekki fyrir enn.

Allir ákærðu voru sýknaðir í Aurum-málinu. Guðjón Marteinsson dómsformaður og fyrrnefndur Sverrir vildu sýkna en Arngrímur Ísberg skilaði sératkvæði og vildi sakfella þrjá af fjórum ákærðu; Lárus Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, Jón Ásgeir Jóhannesson fjárfesti og Magnús Arnar Arngrímsson, fyrrverandi starfsmann Glitnis. Til viðbótar var Bjarni Jóhannesson, fyrrverandi starfsmaður Glitnis, einnig ákærður, en allir dómarar í málinu töldu hann saklausan.

UM HVAÐ SNÝST AURUM-MÁLIÐ?

Málið snýst um sex milljarða króna lánveitingu til félagsins FS38 í júlí 2008. Lánið var veitt til að fjármagna kaup FS38, eignarlaust félag í eigu Pálma Haraldssonar, á 25,7 prósent hlut Fons hf., líka í eigu Pálma, í Aurum Holding Limited. Hluti lánsins, einn milljarður króna, var ráðstafað inn á persónulegan bankareikning Jóns Ásgeirs. Hann nýtti þann milljarð síðan í að borga meðal annars 705 milljóna króna yfirdráttarheimild sína hjá Glitni. Sérstakur saksóknari vill meina að Jón Ásgeir hafi þannig fengið hlut í ávinningi af brotinu og notið hagnaðarins. Sérstakur saksóknari fór fram á sex ára fangelsi yfir Lárusi Welding í málinu og fjögurra ára fangelsi yfir þeim Jóni Ásgeiri, Magnúsi Arnari og Bjarna. Eins og áður sagði voru allir sýknaðir í héraði með dómi 5. júní síðastliðinn.

Sérstakur mótmælir ekki... nema eftir á

Í viðtali við RÚV eftir að dómsniðurstaða lá fyrir í Aurum-málinu sagðist Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, ekki hafa vitað af tengslum Sverris við Ólaf en ef hann hefði vitað af þeim hefði hann mótmælt. Ekki síst í ljósi þess að embættið hefur haft viðskipti sem Ólafur bróðir Sverris hefur komið að og fengið hann dæmdan sekan í fordæmalausu umboðssvikamáli. Sverrir mótmælti þessu í viðtali við RÚV og sagði saksóknara vera að gagnrýna á hæpnum forsendum og að tal hans bæri vott um örvæntingu á tímum þar sem trúverðugleiki stofnunarinnar, embættis sérstaks saksóknara, væri „eiginlega í molum".


Guðjón St. Marteinsson segist hafa metið Sverri hæfan til þess að dæma í málinu þegar nafn hans kom upp, en Háskólinn í Reykjavík benti á Sverri þegar leitað var eftir sérfræðiþekkingu í fjölskipaðan héraðsdóm í málinu. „Sverrir greindi mér frá því að hann væri bróðir Ólafs en ég mat það svo að hann væri hæfur til þess að dæma í þessu máli, enda tengist það með engu móti Al-Thani málinu svokallaða. Hlutverk Sverris í málinu var sérhæft og tengdist öðru fremur reikningi og stærðfræðilegri vinnu. Ef ákæruvaldið vildi mótmæla þessari skipan var það vitaskuld hægt við rekstur málsins en ekkert slíkt kom fram," sagði Guðjón í samtali við Kjarnann.

„Einar lét vita af tengslum sínum þegar eftir starfskröftum hans var leitað."

Spurður um ummæli Sverris, þar sem hann sagði trúverðugleika stofnunar sérstaks saksóknara „eiginlega vera í molum" og hvort þau gætu talist eðlileg frá dómara sagðist hann ekkert vilja tjá sig um það. Dómurinn lægi fyrir og rökin fyrir honum. Nú fengi málið sinn venjubundna framgang, þ.e. ef niðurstöðunni yrði áfrýjað til Hæstaréttar en það hefur ekki enn verið gert, að því er Guðjón sagði.

Eyðum okkur í gang

Þensla er að skapast í íslenska hagkerfinu. Hótel, kísilverksmiðjur, íbúðir, jarðgöng, flugstöð, fyrirtækjahöfuðstöðvar og margt annað mun rísa á næstu þremur árum. Ástandið minnir á 2002.



SENNHEISER

PFAFF

UPPLIFÐU ALVÖRU GÆÐI



DW Office
þráðlaust heyrnartól

- hljómgæði - hljóðvernd - hönnun og þægindi.
- Drægni 55 metrar innan skrifstofu - 180 í beinni línu

Verð frá 47.900 kr.

SÍMSTÖÐ SL1100 FRÁ NEC



Einföld og öflug símstöð fyrir allt að 72 notendur og 36 bæjarlínur.
Verð 114.900 Kr.

SENNHEISER HEYRNARTÓL FYRIR ÞJÓNUSTUVER OG SKRIFSTOFUR



SC heyrnartól
Verð frá 9.995 kr.



SH heyrnartól
Verð frá 15.900 kr.



CC heyrnartól
Verð frá 26.900 kr.

Nánari upplýsingar: simamal@pfaff.is

PFAFF - GRENSÁSVEGI 13 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 414 0400 - WWW.PFAFF.IS

NEC SENNHEISER

EFNAHAGSMÁL
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Þegar hagfræðiprófessorinn Robert Aliber, sem er sérfræðingur í efnahagsbólum, kom til Íslands í maí 2008 spáði hann falli íslenska bankakerfisins. Hann einfaldlega taldi alla byggingakranana og komst að þeirri niðurstöðu að kerfið væri dauðdæmt. Aliber kom aftur til Íslands í október 2013. Þá taldi hann sjö byggingakrana og komst að þeirri niðurstöðu að það táknaði heilbrigt hagkerfi. Síðan þá hefur byggingakrönunum fjölgað verulega. Og útlit er fyrir að þeim muni fjölga enn meira á allra næstu misserum.

Það lítur margt mjög vel út í íslensku hagkerfi um þessar mundir. Hagvöxtur er að mælast hár og spár gera ráð fyrir að hann muni ekki gera neitt annað en vaxa á allra næstu árum. Verðbólga er sömuleiðis lág og atvinnuleysi á undanhaldi.

„Það er svikalogn í loftinu og nauðsynlegt að halda mjög vel á spöðunum ef þetta góðæris-ferðalag á ekki að enda með sambærilegum skelli og það síðasta.“

Það er ýmislegt sem skapar þetta ástand. Á síðustu árum var aukinn útflutningur á vörum og þjónustu, sérstaklega ferðaþjónustu og sjávarfangi, meginorsök hagvaxtar. Frasinn um að túristar og makríll hafi bjargað Íslandi frá enn stærri skelli er ekki fjarri sannleikanum. Þá hefur hjálpað til að ríkið hefur hvatt þegna sína til að eyða meiru, meðal annars með því að leysa út séreignarsparnaðinn sinn. Skuldatiltektir af ýmsum toga hafa hjálpað til þar líka. Sterkt gengi krónunnar hefur auk þess haldið verðbólgu niðri.

Svikalogn í þensluástandi

Nú er hins vegar að skapast hér þensluástand. Íslendingar þekkja það ágætlega, enda ekkert svo langt síðan við gengum í gegnum nokkuð langt þenslutímabil sem hófst árið 2002 og lauk með fordæmalausu efnahagshruni haustið 2008. Á því tímabili jókst fjárfesting gífurlega, aðallega vegna þess að ódýrir útlenskir peningar flæddu inn í íslensku bankana, sem lánuðu þá aftur út til alls kyns misgáfulegra verkefna.

Ríkið hefði átt að halda að sér höndum á slíkum tímum og reyna að kæla hagkerfið. Í stað þess var það ofhitað



með því að ráðast í að byggja Kárahnjúkavirkjun, stærstu framkvæmd Íslandssögunnar. Afleiðingarnar þess ferðalags þekkja allir. Hærri verðbólga, ójafnvægi í hagkerfinu, minnkandi viðskiptajöfnuður, hærri vextir og sparnaður hverfur.

Það er því ekki að ástæðulausu að þeim fjölgar dag frá degi, aðsendu greinunum í dagblöðunum frá sérfræðingum sem vara við því að illa geti farið. Það er svikalogn í loftinu og nauðsynlegt að halda mjög vel á spöðunum ef þetta góðærisferðalag á ekki að enda með sambærilegum skelli og það síðasta.

Skipt um gír

Á síðustu örfáu mánuðum virðist hagkerfið hafa skipt allhressilega um gír. Gríðarleg aukning í ásókn ferðamanna hingað til lands – þeir voru um 780 þúsund í fyrra, hefur leitt til þess að fjárfesting í þeim geira er komin á fleygiferð. Í byggingu eru nokkrir tugir hótela með vel á annað þúsund herbergi. Bara í Reykjavík munu verða byggð 1.200 hótelbergi á næstu þremur árum sem kosta um 30 milljarða króna.

ÞURFUM JAFNVEL AÐ FARA AÐ TOGA TIL BAKA

„Mér finnst við vera með mjög verðmætt en um leið mjög brothætt tækifæri í höndunum til að viðhalda stöðugleika. Við erum með mjög lága verðbólgu, það er ágætis friður á vinnumarkaði, ríkisfjármál eru í jöfnuði og skuldalækkunarferlið hafið bæði hjá ríki og sveitarfélögum," segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra um það ástand sem nú ríkir í íslensku hagkerfi. „Það er dálítið skrýtin staða að vera í að hafa lengi talað fyrir því að örva hagkerfið og ýta hlutunum af stað, en upplifa það svo skyndilega að það séu uppi merki um að það sé best að hætta að ýta og fara jafnvel að toga til baka og halda aftur af hlutunum."

Farið varlega í skattalækkanir

Spurður hvort það sé skynsamlegt að niðurgreiða húsnæðisskuldir með skattfé eða ráðast í skattalækkanir á þenslutíma segir Bjarni að stjórnvöld verði að gæta sín á því að styðja áfram við markmið um stöðugleika.



„Skuldaaðgerðirnar koma til framkvæmda á fjórum árum. Það er hluti af aðgerðinni að dreifa áhrifunum yfir lengra tímabil. Séreignarsparnaðarleiðin er svo mótvægi við hana sem eykur sparnað.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé sjálfstætt efnahagslegt vandamál að íslensk heimili séu ekki þátttakendur í hagkerfinu. Við erum með mjög hátt skuldsett heimili í landinu. Þetta eru mál sem stjórnvöld verða að láta til sín taka. Greiningar segja að það sé viss hætta á að þetta leiði til aukinnar einkaneyslu og vextir þyrftu þá að hækka. Og það skiptir máli hvernig við myndum tímasetja skattalækkunaraðgerðir. Ég er ekki með á prjónunum stórar skattalækkunaraðgerðir á næsta ári sem væru til þess fallnar að auka einkaneyslu. Við verðum að tímasetja slíkar aðgerðir mjög vel. Við erum að horfa á kerfisbreytingar á næsta ári, til dæmis með því að afnema vörugjöld og breyta virðisaukaskattskerfinu. Við þessar aðstæður þurfa stjórnvöld að gæta sín á því að styðja áfram við markmið um stöðugleika."

Áhyggjur af byggingu nýs spítala

Bjarni tekur undir að margt í því ástandi sem nú ríkir minni á byrjun síðasta góðæristímabils. Hann segist ákveðinn í því að draga lærdóm af því sem þá gerðist. „Á því tímabili kom, ofan í skattalækkanir og virkjanaumsvif, sú breyting að alþjóðlegir fjármálamarkaðir voru að stækka og peningar urðu smám saman því næst ókeypis. Það var ekki góður kokkteill inn í það ástand sem var á Íslandi á þeim tíma.

En varðandi framkvæmdir hins opinbera finnst mér það ekki vera rétta nálgunin við þessar aðstæður að byggja leiguíbúðir fyrir eigin reikning [eins og Samfylkingin hefur lofað í Reykjavík]. Borgin ætti frekar að tryggja lóðaframboð fyrir áhugasama.

Það er full ástæða til að gæta að sér í fjárfestingu hins opinbera en það er hins vegar staðreynd að hún hefur verið gríðarlega lág undanfarin ár. Við verðum að gæta okkur á því að hún verði ekki í kjallaranum of lengi vegna þess að hún mun þá elta okkur uppi í framtíðinni."

En munu framkvæmdir við nýjan Landsspítala hefjast á þessu kjörtímabili? „Það verður að halda áfram að vinna að því máli vegna þess að þjóðin þarf að eiga öflugan landspítala. Ástæða þess að hann er ekki kominn lengra upp úr jörðinni er að það hefur ekki verið til fjármagn. Það er hægt að koma slíkri stórframkvæmd fyrir á næstu árum en annað mun þá þurfa að víkja í einhverjum mæli. Þá munu menn gera minna í öðrum verkefnum á borð við mannvirkjagerð og stórar samgönguúrbætur. Það er ekki hægt að tímasetja allt á sama tímabili ef við erum að upplifa mikinn uppgang og fjárfestingu í einkageiranum á sama tíma, líkt og við erum að gera núna. Það þarf að meta það hvort spítalinn rúmist á þessu tímabili. Ég hef ákveðnar áhyggjur af því."

Í kynningu sem Dagur B. Eggertsson, verðandi borgarstjóri, hélt fyrir borgarráð í byrjun mars kom fram að á árinu 2013 hefði verið hafin bygging 614 íbúða í höfuðborginni. Spár gera ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við 4.200 íbúðir til viðbótar á næstu þremur árum og að kostnaður við þá uppbyggingu fari vel yfir hundrað milljarða króna. Þarna er verið að bregðast við mikilli uppsafnaðri eftirspurn eftir húsnæði, enda var lítið byggt af íbúðum á höfuðborgarsvæðinu á árunum eftir hrun. Húsnæðisverð er samhliða á fleygiferð upp á við. Ný Hagsjá Landsbankans spáir að hækkun þess verði níu prósent á þessu ári, 7,5 prósent á því næsta og sjö prósent árið 2016.



Á fyrirtækjasviðinu er Alvogen byrjað að byggja sér hátæknisetur og þeir tveir af stóru bönkunum sem náðu ekki að byggja sér stöðutáknshöfuðstöðvar í síðasta góðæri hafa tilkynnt að slíkar séu á döfinni.

Á sama tíma er verið að stækka Flugstöð Leifs Eiríkssonar, grafa tvenn göng fyrir á þriðja tug milljarða króna og byggja fangelsi.

Fjórar kísilverksmiðjur að rísa

Samhliða öllu þessu hafa fjögur erlend fyrirtæki hug á að byggja kísilverksmiðjur á Íslandi. Tvær þeirra hafa þegar samið um orku og hinar tvær eru með vilyrði um slíka. Íslenska ríkið hefur liðkað fyrir þessum framkvæmdum með því að gera ívilnanasamninga við þrjú fyrirtækjanna og hið fjórða er vongott um að fá slíkan mjög fljótlega.

Heildarfjárfesting verkefnanna er um 150 milljarðar króna og fjöldi þeirra sem þurfa að vinna við byggingu verksmiðjanna fjögurra er svipaður og vann við gerð Kárahnjúkavirkjunar.

Í tengslum við alla þessa stóriðju þarf að búa til, og flytja, orku. Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Landsnet hafa því öll afráðið að ráðast í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir til að anna þeirri eftirspurn. Þær fara fram á sama tíma og allt ofangreint.

Ofþensla fram undan

Ef allar þessar framkvæmdir fara í gang á næstu þremur árum verður ofþensla á Íslandi. Hennar er þegar farið að gæta í verðbólguspám. Þegar tekið er tillit til þess að við eigum líka eftir að afnema gjaldeyrishöft sem falsa raunvirði íslensku krónunnar, og að flestir eru sammála um að hún muni lækka í verði við þá aðgerð, er ljóst að ástandið er mjög viðkvæmt og hið opinbera ætti að halda að sér höndunum til að auka ekki á þegar mikla þenslu.

Samt sem áður ætlar Reykjavíkurborg að hafa aðkomu að því að byggja 2.500-3.000 leiguíbúðir á næstu árum samkvæmt kosningaloforði Samfylkingarinnar. Og íslenska ríkið er undir miklum þrýstingi að ráðast í byggingu nýs Landspítala sem allra fyrst, en hann mun kosta á bilinu 50-80 milljarða króna.

Auk þess var farið í skuldaniðurfellingar sem í felst að 80 milljarðar króna renna til hluta heimila landsins á næstu árum og þegnarnir geta eytt séreignasparnaði upp að 70 milljörðum króna í að greiða niður höfuðstól húsnæðislána sinna. Þessar aðgerðir auka veðrými heimila mjög, auka einkaneyslu og eru að mati flestra greiningaraðila mjög verðbólguhvetjandi.

SYSTKINAHÓPUR LEIÐARLJÓSS

Öll þurfum við á stuðningi að halda þegar eitthvað bjátar á.

Systkinahópur Leiðarljóss myndar stuðningsnet systkina um allt land sem styðja við bakið á Leiðarljósi með mánaðarlegum greiðslum og bæta þannig lífsgæði barna með sjaldgæfa og alvarlega langvinna sjúkdóma.

Sem **systir** eða **bróðir** hjálpar þú okkur að veita alvarlega veikum börnum og fjölskyldum þeirra stuðning.



Smelltu hér!

KOMDU Í SYSTKINAHÓPINN

Farðu á **leidarljos.is** og skráðu þig í systkinahópinn eða hringdu í síma **907 3010** og styrktu Leiðarljós um **1000 kr.**

Fjárfestingar á Íslandi á næstu árum

Hótel

Fjölmörg hótel munu rísa á Íslandi til að svala aukinni eftirspurn eftir gistirými.



Hótel við hlið Hörpu 250 herbergi og 90 íbúðir. Framkvæmdir eiga að hefjast 2014 og ljúka 2017. Þær skapa um 200 störf á framkvæmdatíma. Áætlaður kostnaður: 14 milljarðar króna. ▲

Hótel Icelandair Cultura 142 herbergi. Framkvæmdir í gangi og 150 störf skapast við framkvæmdir. Verklok mitt ár 2015.

Hótel Alda á Laugavegi 66 35 herbergi. Framkvæmdum að mestu lokið sumar 2014.

Viðbygging við Hótel Marina 60 herbergi. Framkvæmdir hafnar. Verklok 2014.

Hótel Borg – stækkun 43 herbergi. Framkvæmdir hafnar.

Reykjavíkurapótek verður hótel 45 herbergi. Framkvæmdir hafnar.

Landssímahúsið Um 160 herbergi. Deiliskipulag samþykkt en framkvæmdir ekki hafnar.

Hverfisgata 103 100 herbergi. Framkvæmdir hafnar.

Hótel Höfðatorg 350 herbergi á 16 hæðum. Verk hafið. Verður stærsta hótel landsins. Áætlaður kostnaður sjö milljarðar króna. Verklok 2015.

Hótel Stracta Fyrirhugað að reisa tíu hótel víðs vegar um landið. Fyrsta hótelið, á Hellu, er risið. 280 næturpláss. Áætlaður heildarkostnaður: 18 milljarðar króna.

Hótel Laxá 80 herbergi.

Nýtt hótel á Akureyri 100 herbergi. Framkvæmdir eiga að hefjast í sumar. Áætlaður kostnaður: 1,7 milljarðar króna. Áætluð verklok á næstu árum.

Stóriðja

Kísilmálmframleiðsla ryður sér til rúms.

United Silicon Kísilmálmverksmiðja sem framleiðir 21 þúsund tonn á ári. Kostnaður: 12 milljarðar króna. Starfsmenn á framkvæmdartíma: 300. Áætlað að framleiðsla hefjist 2016.

PCC Kísilmálmverksmiðja sem framleiðir 36 þúsund tonn á ári. Kostnaður: allt að 32 milljörðum króna. Starfsmenn á framkvæmdartíma: 400. Áætlað að framleiðsla hefjist 2017.

Thorsil Kísilmálmverksmiðja sem framleiðir 54 þúsund tonn á ári. Kostnaður: 28,5 milljarðar króna. Starfsmenn á framkvæmdartíma: 350. Áætlað að framleiðsla hefjist 2017.

Silicor Materials Sólarkísilverksmiðja sem framleiðir 19 þúsund tonn á ári. Kostnaður: 77 milljarðar króna. Starfsmenn á framkvæmdatíma 300. Áætlað að framleiðsla hefjist 2016-2017.

Norðurál Álver í Helguvík sem framleiðir allt að 270 þúsund tonn af áli. Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga: 60-70 milljarðar króna. Framkvæmdin er í mikilli óvissu.



Opinber verkefni

Ríkið og fyrirtæki í opinberri eigu eru að vasast í ýmsu.

Stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar Framkvæmdir hafnar. Viðbygging með kjallara og tveimur hæðum við vesturálmu flugstöðvar, samtals fimm þúsund fermetrar. Framkvæmdir hófust 2014.

Fangelsi á Hólmsheiði Framkvæmdir 2014-2015. Kostnaður um tveir milljarðar króna.

Vaðlaheiðargöng Framkvæmdir hófust 2013. Áætlaður kostnaður 11,5 milljarðar króna. Áætluð verklok 2016.

Norðfjarðargöng Framkvæmdir hafnar. Áætlaður heildarkostnaður tólf milljarðar króna. Áætluð verklok haust 2017.

Vísindagarðar Háskóla Íslands Deiliskipulag samþykkt. ▲

Landsnet Fyrirhugaðar framkvæmdir

Tenging Þeistareykjavirkjunar við iðnaðarsvæðið á Bakka Kostnaður 4,7 milljarðar króna.

Styrking á flutningskerfi raforku á Suðurnesjum og tengja við Helguvík Kostnaður um 3,4 milljarðar króna.

Þeistareykir Í undirbúningsfasa. Heildarfjárfesting vegna virkjunarinnar um 35 milljarðar króna. Starfsmenn á framkvæmdartíma: um 150. Áætluð verklok 2018.

Hugmyndir um að byggja 80 vindmyllur við Búrfell Kostnaður og möguleg verklok liggja ekki fyrir.

Tenging Hellisheiðarvirkjunar við borholur í Hverahlíð Áætlaður heildarkostnaður: 2,6 milljarðar króna. Áætluð verklok 2015.

Fyrirhugaðar opinberar aðgerðir

Búið er að lofa hinu og þessu til viðbótar við það sem þegar er farið af stað.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri Hönnunarsamkeppni í byrjun árs 2014.

Ný flugstöð Reist í Vatnsmýri. ▼

Nýr Landspítali Verður byggður af ríkissjóði. Byggingamagn 87 þúsund fermetrar. Áætlaður kostnaður: að minnsta kosti 50 milljarðar króna.



Andlitslyfting

framkvæmdir í Reykjavík



Miðbærinn fær andlitslyftingu og ný hótel

Víða er nú hirt um miðbæ Reykjavíkur. Gatnaframkvæmdir halda áfram á Hverfisgötu[2] og í Pósthússtræti sömuleiðis, ný bygging rís í Hjartareitnum svokallaða og Austurstræti 16[1] er endurinnréttað sem hótel. Húsið fræga var byggt árið 1917 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar eftir að bruni eyddi timburhúsum sem á reitnum stóðu. Byggingin er löngu orðin eitt helsta kennileiti borgarinnar, með einkennandi turni sem rís hátt yfir gatnamótum Austurstrætis og Pósthússtrætis. Ekki þarf þó að óttast um ásjónu hússins enda hefur ytra byrði hússins verið friðað. **BÞH**



Samræmdar forvarnir gegn lífstílssjúkdómum

Níu af hverjum tíu Íslendingum deyja nú úr ósmitnæmum sjúkdómum. Um helmingur þessara dauðsfalla er beinlínis á áhrifasviði lífsstíls.



SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN

HEILBRIGÐISMÁL
Guðmundur Löve
Framkvæmdastjóri SÍBS

Í fyrsta sinn í seinni tíð er nú raunveruleg hætta á að næsta kynslóð lifi skemur en þær sem á undan hafa gengið. Þótt lífaldur hafi lengst er heilbrigð ævi ekki að lengjast að sama skapi, og þar er fyrst og fremst um að kenna hinum svokölluðu lífsstílssjúkdómum – hinum óumdeilda faraldri 21. aldarinnar. Til að stemma stigu við þessu ber brýna nauðsyn til að innleiða samhæfða forvarnastefnu á sviði lífsstílssjúkdóma að fyrirmynd annarra Norðurlandaríkja.

Samfélagslegur kostnaður hundruð milljarða

Níu af hverjum tíu Íslendingum deyja nú úr ósmitnæmum sjúkdómum, og um helmingur þessara dauðsfalla er beinlínis á áhrifasviði lífsstíls. Dauðsföll segja þó ekki alla söguna um heilsufar. Í því skyni að mæla og bera saman heilsufar þjóða hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) notað mælikvarðann „glötuð góð æviár", sem er samtala þeirra ára sem glatast vegna ótímabærs dauða og ára sem lifað er við örorku.

„Það hlýtur að vekja umhugsun að við fæðingu er meðallengd heilbrigðs lífs 67–70 ár. Og það sem er verra er að það er alls ekki okkar kynslóð sem er að ná þessum aldri í dag, heldur kynslóð afa og ömmu."

Samkvæmt mælingum WHO glötuðust 68 þúsund æviár á Íslandi árið 2010 vegna ótímabærs dauða eða sjúkdóma (WHO, Global Burden of Disease 2012). Þessi ár eru það sem upp á vantar þegar sjúkdóm eða dauða ber að höndum, miðað við vænta ævilengd jafn gamals einstaklings meðal heilbrigðustu þjóðar í heimi hverju sinni að mati WHO. Því auðvitað er hvergi hægt að ná glötuðum góðum æviárum niður í núll fyrr en allir sjúkdómar eru að fullu sigraðir.

En til að setja heilsufarsskaðann í peningalegt samhengi má fá grófa nálgun með því að margfalda fjölda „glataðra góðra æviára" með landsframleiðslu á mann, sem gefur okkur 350 milljarða króna á ári. Þótt eins og áður sagði verði aldrei hægt að ná þessu niður í núll telur hvert prósent stórt. Og hér er auðvitað ótalinn allur sá mannlegi harmur sem þarna liggur að baki.



Lífstíll drepur
Tóbaksneysla er einn þeirra áhættuþátta sem hefur áhrif á lífslíkur.

Heilbrigð ævilengd gæti verið að styttast

Meðalævilíkur Íslendinga við fæðingu eru með því mesta sem gerist í Vestur-Evrópu, 80 ár fyrir karla og 84,4 ár fyrir konur árið 2010. Við erum miklu neðar á listanum þegar litið er til meðalævilengdar heilbrigðs lífs (healthy life expectancy, HALE), sem var árið 2010 aðeins 66,9 ár fyrir karla og 69,9 ár fyrir konur og hafði þá hækkað um 2,8 ár hjá körlum frá 1990 en staðið í stað hjá konum (The Lancet 2012, doi:10.1016/S0140-6736(12)61690-0).

Það hlýtur að vekja umhugsun að við fæðingu er meðallengd heilbrigðs lífs aðeins 67–70 ár. Og það sem er verra er að það er alls ekki okkar kynslóð sem er að ná þessum aldri í dag, heldur kynslóð afa og ömmu. Okkar kynslóð og kynslóð barnanna okkar gæti í versta falli orðið skammlífari og óheilbrigðari en sú kynslóð sem á undan er gengin. Eins og kom fram hér að framan hefur meðalævilengd heilbrigðs lífs hjá konum ekkert hækkað á 20 ára tímabili frá 1990–2010 og það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá fyrir sér að leiðin liggi senn niður á við ef ekkert er að gert.

Nauðsyn á heildstæðri forvarnastefnu

Í nýlegri grein í Læknablaðinu eftir Vilmund Guðnason og Karl Andersen kemur fram að 70-80% kostnaðar í heilbrigðiskerfinu komi til vegna lífsstílssjúkdóma en aðeins 1,6% útgjaldanna renni til forvarna, meðan útgjöld til forvarna nemi að meðaltali 3% í Evrópu. Sé miðað við heildarútgjöld á fjárlögum og tölur Hagstofu um forvarnir er þetta hlutfall enn lægra, eða 0,8%. Í heild eyðum við undir meðaltali OECD í heilbrigðisþjónustu, eða 9% af vergri landsframleiðslu. Afar fá lönd sem við alla jafna kjósum að bera okkur saman við eyða minna í málaflokkinn.

Samkvæmt opinberum tölum renna um 1.600 krónur á landsmann á ári til beinna forvarna, um 63 þúsund krónur á landsmann á ári til heilsugæslunnar, og um 133 þúsund krónur á landsmann á ári til sjúkrahúsanna. Þó ber að taka fram að hluta af starfsemi heilsugæslunnar má skilgreina sem forvarnastarf.

Íslenska heilbrigðiskerfið er í eðli sínu viðbragðsdrifið og því má halda fram með rökum að við höfum náð allt að því hámarksárangri í meðhöndlun sjúkdóma miðað við núverandi þekkingar- og tæknistig. Þegar svona er komið er eina leiðin til að draga úr heilsufarsskaða þjóðarinnar að freista þess að stemma stigu við orsökunum: Við þurfum öfluga forvarnastefnu.

„Sjúkdómar orsakast í auknum mæli af lifnaðarháttum, mat með of miklu salti, sykri og óhollri fitu, ásamt of lítilli hreyfingu. Ósmitnæmir lífsstílssjúkdómar eru stærsta heilsuógn okkar tíma, bæði í Noregi og í heiminum öllum. Þetta eru sjúkdómar sem oft má fyrirbyggja. Með bættum forvörnum getum við náð snemma utan um sjúkdómsþróun og bætt heilsu í öllum geirum samfélagsins.“

Jonas Gahr Støre, heilbrigðis- og velferðarráðherra Noregs

Norska NCD-stefnan

Heildstæð stefna í ósmitnæmum sjúkdómum (non-communicable chronic diseases strategy , eða „NCD-strategi“ upp á norsku) var sett fram í Noregi síðla árs 2013. Stefnan nær til eftirfarandi sjúkdómaflokka:

- hjarta- og æðasjúkdóma
- sykursýki
- langvinnra öndunarfærasjúkdóma
- krabbameins

Í Noregi stafa um 80% dauðsfalla af ofangreindum sjúkdómum, og þar af deyja 8.000 manns fyrir 75 ára aldur. Þessa tölu hafa Norðmenn einsett sér að minnka um 25% fyrir árið 2025. Heimfært upp á Ísland myndi það samsvara 130 mannslífum á ári. Það er vandfundin sú aðgerð þar sem svona tölur eru annars vegar.

Þeir áhættuþættir sem unnið er með eru eftirfarandi:

- tóbak
- áfengi
- sykur
- salt
- fita
- kyrrseta

Norska forvarnastefnan var unnin í nánu samstarfi við sjúklingafélög á sviði hjartasjúkdóma, lungnasjúkdóma, krabbameins og sykursýki. Verkefninu verður fylgt eftir í áframhaldandi samvinnu við þessi félög. Þá hefur verið ákveðið að setja á laggirnar lýðheilsuráð með þessum félögum undir stjórn heilbrigðis- og velferðarráðherrans, sem er ætlað að vekja athygli á forvarnastarfinu og tryggja breiða samstöðu um verkefnin.

Áhersla er lögð á snemmbær inngrip í nærumhverfi fólks og samvinnu ríkis og bæja varðandi ráðgjöf og meðferð. Skipulagsyfirvöld á sveitarstjórnarstigi hafa einnig mikið að

segja um hversu hreyfivænar borgir og bæir eru – það þarf að gera það einfaldara og öruggara að ferðast gangandi og á hjóli. Það verður að huga að leiksvæðum barna og almennum útivistarsvæðum. Það þarf að vera kerruskýli við leikskólann svo að fólk geti komið gangandi með börnin. Það verður einfaldlega að hanna heilsusamlegar borgir.

Sjónum er einnig beint að einkageiranum og félagasamtökum. Það þurfa að vera öruggar hjólageymslur á vinnustöðum og hollur matur í mötuneytunum. Íþróttafélögin þurfa að bjóða upp á smurt brauð og vatn eða mjólk í staðinn fyrir kökur og gos á íþróttamótum. Matvöruverslanir þurfa að bjóða holla valkosti og sjá til þess að hægt sé að komast að kössunum laus við freistingar.


Þá er sjúklingafélögum fengið hlutverk í vitundarvakningu og eftirfylgni í útfærslu og framþróun á ferlinu í heild, og síðast en ekki síst lögð áhersla á að einstaklingurinn sjálfur taki virka ábyrgð sem sérfræðingur á eigin lífi.

Hreyfivænar borgir
Ein þeirra leiða sem þarf að fara til að vinna gegn lífstílsjúkdómum er að hanna einfaldlega heilsusamlegri borgir.



Baráttan um internetið í Kína

Internetmarkaðurinn í Kína er ólíkur öllum öðrum. Hann er lokaður innan landamæra þar sem risar berjast.



Hallgrímur Oddsson

Tvö risastór tæknifyrirtæki eru allsráðandi á kínverskum markaði. Þau eiga allt frá netverslunum, leitarvélum og greiðslukerfum til samskiptasmiðla, afþreyingarveitna og leikjafyrirtækja. Á meðan annað fyrirtækið, Alibaba, undirbýr stærsta frumútboð hlutabréfa í sögu tæknifyrirtækja er hitt, Tencent, í hópi fimm stærstu skráðu tæknifélaga heims. Varin allri erlendri samkeppni hafa félögin tvö orðið að sannkölluðum risum og fjárfest í nær öllum tækninýjungum síðustu 15 ára. Í fjölmennasta ríki heims fjölgar notendum tölva og snjallsíma ört. Allt fellur Alibaba og Tencent í hag, á sama tíma og þau heyja ofsafenginn bardaga sín á milli um hylli almennings.

Alibaba á markað

Í nóvember síðastliðnum, þegar Íslendingar hófu að kaupa jólagjafirnar í tæka tíð, bárust á sjöunda þúsund pakkar til landsins með ýmsum varningi, sérpöntuðum af kínversku netversluninni AliExpress.com. Landsmenn nýttu sér lægra vöruverð á fatnaði, skóm, raftækjum og öðru. Fjöldi sendinga frá Kína til Íslands margfaldaðist milli ára.

Netverslunin er aðeins ein nokkurra í eigu kínverska tæknifyrirtækisins Alibaba. Fyrirtækið er annað tveggja stærstu tæknifyrirtækja landsins, rekur allar mögulegar gerðir netverslana þar sem það ræður yfir 70% markaðarins, leitarvélar, netgreiðslukerfi, sjónvarps- og tölvuleikjavef og býður upp á gagnavistun í skýjunum. Í stuttu máli er Alibaba kínverska útgafan af Amazon, eBay og PayPal. Allt undir einum hatti.

Í síðasta mánuði óskaði Alibaba eftir skráningu á bandarískan hlutabréfamarkað. Fjárfestar á Wall Street iðuðu í skinninu af spennu og helstu fjölmiðlar, einkum þeir sem fylgjast náið með markaði tölva og tækni, greindu frá útboðsgögnum og fyrirrætlunum félagsins í smáatriðum. Það hefur lengi reynst bandarískum félögum og fjárfestum erfitt að hasla sér völl á kínverska markaðnum en Alibaba gefur aukin færi til þess.



Lygileg umsvif
Netverslanir Alibaba veltu 248 milljörðum dollara í fyrra. Það er þrisvar sinnum meira en EBay og tvöföld velta Amazon.com.

Það felast því tíðindi í ákvörðun Jack Ma, stofnanda og forstjóra Alibaba, og félaga hans um að skrá Alibaba í kauphöll. Fimmtán árum frá stofnun býr Alibaba til svo mikil verðmæti að stærstu bandarísku netfyrirtækin blikna flest í samanburði. Umsvifin eru lygileg. Samkvæmt útboðsgögnum veltu netverslanir félagsins um 248 milljörðum dollara í fyrra. Það er þrisvar sinnum hærri fjárhæð en velta uppboðssíðunnar eBay og ríflega tvöföld velta Amazon.com. Um 84% af tekjum Alibaba fást af þessari starfsemi. Greiðsluþjónusta er einnig mikilvægur tekjupóstur og veltir um 519 dollurum árlega. Það er yfir tvöfalt meira en hjá PayPal.

„Netverslunin er aðeins ein nokkurra í eigu kínverska tæknifyrirtækisins Alibaba.“

Fastlega er búist við að frumútboð hlutabréfa í Alibaba muni slá skráningarmet tæknifyrirtækja, sem Facebook setti í maí 2012. Þá safnaði bandarískt samskiptavefurinn 16 milljörðum dollara, sem er áttunda stærsta hlutafjárútboð sögunnar. Gert er ráð fyrir að útboð Alibaba á 12% hlut verði um 20 milljarða dollara virði. Það gefur markaðsverðmæti upp á um 165 milljarða dollara, meira en verðmæti Facebook, Amazon og eBay. Félagið verður skráð í kauphöll síðar á árinu og hafa sérfræðingar talið markaðsverðmætið geta orðið alls staðar á bilinu 136 til 245 milljarðar dollara.

Jack Ma heldur enn um tæplega 9% hlut í fyrirtækinu sem hann stofnaði. Hann er í dag meðal tíu ríkustu Kínverjanna.

Hinn risinn

Á meðan Alibaba ræður lögum og lofum í netverslunum og netgreiðslumiðlun er keppinauturinn Tencent ráðandi þegar kemur að samfélagsmiðlum. Í kommúníska alþýðulýðveldinu Kína er óleyfilegt að nota Twitter og Facebook. Almenningur þarf þó ekki að örvænta, því Tencent býður upp á sambærilega þjónustu. Það kemur ekki til af hreinni tilviljun, margsinnis hefur verið bent á tengsl æðstu stjórnenda félagsins við kínversk stjórnvöld.

Ein helsta afurð Tencent er samskiptaforritið WeChat. Nýlega var það metið á um 64 milljarða dollara, þrefalda þá upphæð sem Facebook greiddi fyrir sambærilega forritið WhatsApp. Notendur eru um 270 milljónir talsins og senda með því skilaboð, myndir og myndbönd auk þess að panta ýmsa þjónustu eins og leigubíla.

„Í kommúníska alþýðulýðveldinu Kína er óleyfilegt að nota Twitter og Facebook.“

Tencent hefur fjárfest í margvíslegum fyrirtækjum, helst á markaði snjallsíma. Utan WeChat má nefna hlut þess í leikjafyrirtækinu Zynga og hinu alíslenska Plain Vanilla. Unnið er að gerð kínverskrar útgáfu QuizUp-spurningaleiksins.

Tencent var stofnað sama ár og Alibaba, árið 1999, af Ma Huateng og fór á markað 2004. Hann er í dag ríkasti maður Kína. Verðmæti Tencent í kauphöllinni í Hong Kong er um 150 milljarðar dollara. Það er því í útvöldum hópi stærstu tæknifyrirtækjanna á markaði, ásamt Amazon, Google, eBay og Facebook.

Aðrir starfshættir

Eignarhaldsfélagið Tencent, rétt eins og Alibaba, hefur starfað mjög í anda þess umhverfis sem fyrirtækin spruttu úr. Á sama tíma og utanaðkomandi samkeppni er með minnsta móti keppa þau hvert við annað. Drifkrafturinn er til staðar enda eftir miklu að slægjast. Starfsmannafjöldi félaganna er mikill, um 21 þúsund manns starfa hjá Alibaba og þar af rúmlega 7.300 verkfræðingar, forritarar eða gagnasérfræðingar. Enn fleiri eru hjá Tencent, tæplega 27 þúsund.


Kínverjarnir vilja gera „þetta“ sjálfir – og geta það í lokuðu umhverfinu. Almenningur getur ekki horft á sjónvarpsefni á Netflix, tíst á Twitter eða pantað leigubíl með Uber. Þeir sækja sömu eða svipaða þjónustu með öðrum forritum, flestum í eigu Tencent eða Alibaba. Þegar hugmyndir og forrit annarra (oft í samráði við þau fyrirtæki) eru heimfærð til Kína er gott að hafa marga forritara. Nokkur þúsund ættu að duga.

Blæs köldu

Ef einhver hélt að fyrirtækin tvö lifðu í sátt og samlyndi á kínverska markaðinum, með athygli 618 milljónir netnotenda til skiptanna og fer fjölgandi, þá hafði sá hinn sami rangt fyrir sér. Samkeppnin hefur farið harðnandi og bæði félög hafa hætt sér inn á markaði þar sem hitt var áður ráðandi. Í því samhengi er talað um kauphlaup. Á síðasta ári hafa fyrirtækin fjárfest í félögum sem keppa við þjónustu þar sem hitt fyrirtækið er ráðandi.

Ekki er útséð um sigurvegara kínverska internetsins og alls þess sem þar þrífst. Sérfræðingar spá einhverjum dýrustu samkeppnisaðgerðum sögunnar. Á sama tíma og félögin fjárfesta um allan heim berjast þau hatrammlega í Kína, í skjóli boði og banna kínverskra stjórnvalda og regluverks sem mörgum þykir allt í senn framandi, breytilegt og flókið. Keppinautar í hinum vestræna heimi búa ekki við sömu skilyrði heima fyrir og ættu að vígbúast.

WeChat
WeChat er metið á um 64 milljarða dollara, þrefalda þá upphæð sem Facebook greiddi fyrir sambærilega forritið WhatsApp.



Domino's

HLAÐVARP KJARNANS

Á hliðarlínunni

með Adolfi Inga

Messi, Ronaldo, Suarez og Adolf Ingi

Sérfræðingar mæta á hliðarlínuna til Dolla og fara yfir riðlana á HM, bestu leikmenn, leikskipulag og skemmtilegar staðreyndir

Smelltu hér til að sjá nánar



Dagskráin

2. júní A -riðill með **Illuga Jökulssyni og Magnúsi Halldórssyni**

3. júní B -riðill með **Willum Þór Þórssyni og Þórði Snæ Júlíussyni**

4. júní C -riðill með **Víði Sigurðssyni og Einari Erni Jónssyni**

5. júní D -riðill með **Hallberu Gísladóttur og Jóhannesi Karli Guðjónssyni**

6. júní E -riðill með **Guðmundi Hilmarssyni og Stefáni Pálssyni**

9. júní F -riðill með **Kjartani Magnússyni og Kristjáni Guðmundssyni**

10. júní G -riðill með **Atla Eðvaldssyni og Margréti Láru Viðarsdóttur**

11. júní H -riðill með **Rúnari Kristinssyni og Margréti Marteinsdóttur**

12. júní samantekt með **Helenu Ólafsdóttur og Heimi Hallgrímssyni**

ORDEM E PROGRESSO

climacool

kjarninn



HM 2014

Leikvikan 12. – 18. júní

riðlakeppnin hefst

A-riðill
- Brasilía
- Króatía
- Mexíkó
- Kamerún

B-riðill
- Spánn
- Holland
- Sjíle
- Ástralía

C-riðill
- Kólumbía
- Grikkland
- Fílabeinsströndin
- Japan

D-riðill
- Úrugvæ
- Kosta Ríka
- England
- Ítalía

E-riðill
- Sviss
- Ekvador
- Frakkland
- Hondúras

F-riðill
- Argentína
- Bosnía
- Íran
- Nígería

G-riðill
- Þýskaland
- Portúgal
- Gana
- Bandaríkin

H-riðill
- Belgía
- Alsír
- Rússland
- Suður-Kórea

Smelltu á riðlana til að hlusta á greiningu þeirra í HM-hlaðvarpi Kjarnans

Veislan byrjar með opnunarleik Brasilíu og Króatíu

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta, sem fram fer í Brasilíu, hefst í dag með opnunarleik Brasilíu og Króatíu. Kjarninn mun fylgjast náið með gangi mála á meðan keppni stendur. Leikjadagskráin fyrir komandi viku er hér að neðan. Þá er hægt að hlusta á hlaðvarpsþættina Á hliðarlínunni þar sem Adolf Ingi Erlingsson fær til sín góða gesti til að fjalla um alla riðlana á HM.

Fimmtudagur 12. júní
20:00 Brasilía – Króatía

Föstudagur 13. júní
16:00 Mexíkó – Kamerún
19:00 Spánn – Holland
22:00 Sjíle – Ástralía

Laugardagur 14. júní
16:00 Kólumbía – Grikkland
19:00 Úrúgvæ – Kosta Ríka
22:00 England – Ítalía

Sunnudagur 15. júní
01:00 Fílabeinsströndin – Japan
16:00 Sviss – Ekvador
19:00 Frakkland – Hondúras
22:00 Argentína – Bosnía

Mánudagur 16. júní
16:00 Þýskaland – Portúgal
19:00 Íran – Nígería
22:00 Gana – Bandaríkin

Þriðjudagur 17. júní
16:00 Belgía – Alsír
19:00 Brasilía – Mexíkó
22:00 Rússland – Suður-Kórea

Miðvikudagur 18. júní
16:00 Ástralía – Holland
19:00 Spánn – Sjíle
22:00 Kamerún - Króatía

Domino's

Ekki alltaf skemmtilegt

Náttúrulyfjafyrirtækið Herberia sér sóknarfæri í aukinni heilsuvitund.



Þrír lyfjafræðingar stofnuðu nýsköpunarfyrirtækið Herberia í júní á síðasta ári, þannig að það fagnar eins árs afmæli sínu um þessar mundir. Nú hyllir undir að framleiðsla og markaðssetning á vörum fyrirtæksins hefjist að fullu, en Herberia framleiðir vottuð lyf sem unnin eru úr náttúrulegum efnum. Kjarninn spjallaði við Kolbrúnu Hrafnkelsdóttur, framkvæmdastjóra Herberia, um sögu og væntingar fyrirtækisins. ÆÞE

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um Start Up Reykjavík verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.



SJÖ SPURNINGAR

Sigríður Vilhjálmsdóttir

dagskrárgerðarkona

Bros dótturinnar það besta í heiminum

Hvað gleður þig mest þessa dagana?

Þetta glaðværa og brosmilda barn, sem er það fallegasta og besta sem hefur komið fyrir heiminn.

Hvert er þitt helsta áhugamál?

Flug og köfun. Ég geri samt allt of lítið af báðu. Svo er ég reyndar laumu garðyrkjupervert og eyði löngum stundum í það að reita arfa og vafra á netinu til að komast að því hvernig maður ræktar eitthvað ætt svona nærri heimskautsbaug.

Hvaða bók last þú síðast?

Ég rétt náði að klára Guns, Germs and Steel áður en dóttirin mætti í heiminn.

Hvert er þitt uppáhaldslag?

Það er meira uppáhalds plata en lag, en A love supreme með John Coltrane hljómar mjög reglulega heima hjá mér. Við takmarkaða ánægju sambýlinga minna.

Hvaða ráðherra treystir þú best?

Ég á gríðarlega erfitt með að setja orðið traust í samhengi við eitthvað tengt pólitík.

Ef þú ættir að fara til útlanda á morgun og mættir velja land, hvert myndir þú vilja fara?

Helst myndi ég vilja fara í margra mánaða heimsreisu með manninn og litla viðhengið okkar. Ef ég yrði að halda mig við eitt land myndi ég heimsækja górillur í Rúanda. Það er á bucket-listanum.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Tuð og fólk sem getur ekki tjáð skoðanir sínar öðru vísi en stórhneykslað á innsoginu.

AF NETINU

Samfélagið segir

um nýja borgarstjórn í Reykjavík


Facebook



ODDNÝ HARÐARDÓTTIR

Þetta eru góðar fréttir fyrir Reykvíkinga og okkur öll. Dagur er hæfur og vandaður maður með hjartað á réttum stað. Til hamingju!


Miðvikudagurinn 11. júní 2014.



HRÖNN GUÐNÝ GUNNARSDÓTTIR

Allt betra en haldid, hvad ta Framsokn.

Miðvikududagurinn 11. júní 2014.



HALLI EGILS

Ætli þetta 101 lið viti hvar Rafveituheimilið sé?

Miðvikudagurinn 11. júní 2014.


Twitter



MAGNUS RAGNARSON @MagnusRagnars

Sóley Tóm verður forseti borgarstjórnar. Reikna með að það sjái nú loks fyrir endann á hernaðarbröltinu í Elliðaárdal.


Miðvikudagurinn 11. júní 2014.



HELENA @helenabjarkad

Dagur B. Eggerts er svona real life Derek Shepard #mcdreamy

Fimmtudagurinn 7. júní 2014.



MATTHEW DEAVES @MattDeaves

Góðan Dag, Reykjavík! Það er sól(ey) og hún er björt (framtíð)! ummm... eitthvað um Píratana... arrgh?! http://ruv.is/frett/dagur-verdur-borgarstjori

Miðvikudagurinn 11. júní 2014.

BAKHERBERGIÐ

Hvað gerir Már Guðmundsson?

Nú hefur starf seðlabankastjóra verið auglýst laust til umsóknar og þá beinast eðlilega spjótin að sitjandi seðlabankastjóra, Má Guðmundssyni. Hvað ætlar hann að gera? Eins og fram kom á fréttavef mbl.is, upplýsti Már starfsmenn Seðlabanka Íslands um það á ársháttíð bankans, í febrúar síðastliðnum, að hann væri tilbúinn til þess að vera áfram seðlabankastjóri ef það byðist. En ef vika er langur tími í pólitík þá eru fjórir mánuðir heil eilífð. Ríkisstjórnin ræður á endanum, eða nánar tiltekið Bjarni Benediktsson efnahags- og fjármálaráðherra.

Frjálslyndir að funda í hverju horni

Mikill þungi og alvara virðist að baki stofnun nýs flokks í nafni Viðreisnar. Fjölsóttir fundir, þar sem málefni hafa verið rædd sem flokkurinn gæti sett á oddinn, benda til þess að ný fjöldahreyfing sé að fæðast. En hvar mun hún marka sér stöðu? Helstu framámenn eru frjálslyndir alþjóðasinnar úr Sjálfstæðisflokknum en þar með er ekki sagt að fylgið við hann verði sótt þangað. Ef helsta málefnið verður frjáls og alþjóðleg viðskipti, með alþjóðlega mynt, gæti flokkurinn mögulega hrifsað til sín 30 til 40 prósenta fylgi ef rétt verður haldið á spöðunum.




V-Sido
Asratec









Mynd: AFP

Enn ein skotárásin í Bandaríkjunum
Karlmaður hóf skothríð í framhaldsskóla í Troutdale í Portland í Oregon-ríki í Bandaríkjunum á þriðjudag. Árásarmaðurinn tók eigið líf eftir að hafa banað einum nemanda með hálfsjálfvirku skotvopni. Þessi stúlka,nemandi við skólann, var fegin að komast í faðm föður síns.



Mótmæltu varðstöðvum í héruðum Kúrda
Tveir Kúrdar féllu fyrir skotum tyrkneska hersins í suð-austurhluta Tyrklands á sunnudag. Þá fóru fram mótmæli gegn tveimur nýjum varðstöðvum hersins í Diyarbakir-héraði. Hópur fólks kastaði bensínsprengjum að hermönnum og fylkingarnar sökuðu hvora aðra um að hefja skothríð í kjölfarið.

Mynd: AFP



Vélmenni fyrir tölvuna

Mynd: AFP

ASRA C1-vélmennið var kynnt fjölmiðlum í Tókýó í gær. Þó athyglin hafi vissulega verið á þetta furðulega framtíðartæki var verið að kynna til leiks nýja og öfluga tölvu, V-Sido. Vélmennið var í raun hannað utan um tölvuna sem er agnarsmá. Stýrikerfi vélmennisins og tölvan fara í almenna sölu á þessu ári.



Allt í járnum fyrir HM

Mynd: AFP

Á meðan ferðalangar allstaðar að úr heiminum flykkjast til Brasilíu til að fylgjast með HM í fótbolta, eru heimamenn enn að berjast fyrir réttindum sínum. Verkföllum og mótmælum hefur verið mætt af hörku af hálfu stjórnvalda sem hika ekki við að sýna mátt sinn og meginn.



Ófriður hrekur Íraka að heiman
Fjölskylda þessa manns, sem hér sést í eftirlitsstöð Kúrda í norðurhluta Írak eftir að hafa hrakist að heiman, er nú á flótta undan stjórn herskárra múslima sem hafa tekið yfir allt Nineveh-hérað og höfuðborg þess, Mosul. Yfirtaka héraðsins er áfall fyrir stjórnvöld í Írak sem geta ekki stöðvað sóknina.

Mynd: AFP



SPES Fatasmekkur fatafellu, sem grunuð er um fíkniefnasölu, kom henni í koll

Var of fáklædd til að fela fíkniefni innanklæða

Á dögunum var hin tvítuga Tiffany Evans stöðvuð seint um nótt af laganna vörðum í Springfield í Massachusetts í Bandaríkjunum fyrir að keyra yfir á rauðu ljósi á bláu Hondunni sinni. Þegar lögreglumennirnir nálguðust bílinn sáu þeir hvernig ökumaðurinn reyndi að stinga einhverju inn á sig innanklæða.

Evans starfar sem fatafella og var á leið heim til sín eftir vinnu. Lögreglumennirnir sáu hvernig henni gekk hálf brösulega að stinga inn á sig því sem hún vildi ekki að lögregla sæi, sökum efnislítils kvöldfatnaðar, þannig að 47 pakkningar af ætluðu heróíni duttu niður úr gallastuttbuxunum hennar þegar hún steig út úr bifreiðinni sinni eftir skipanir lögreglu.

John Delaney, varðstjóri hjá lögreglunni í Springfield, sagði fjölmiðlum að það hefði ekki verið nokkur möguleiki fyrir Evans að fela fíkniefnin innanklæða. Stuttbuxurnar hennar hefðu verið allt of litlar og svo hefði sömuleiðis verið ómögulegt fyrir hana að fela fíkniefnin í efnislítilli skyrtu sem hún klæddist.

Sunnefa Valdimarsdóttir
MS í þjóðernisfræðum

Að reisa við virki

Sunnefa Valdimarsdóttir skrifar um að Íslendingar séu enn að slíta barnsskónum í umræðu um innflytjendamál.

Fjölmargt hefur verið rætt og skrifað um þær umræður sem spunnust í kringum moskulóðina á síðustu metrum kosningabaráttu sveitastjórnarkosninganna. Hafa ýmsir lýst yfir áhyggjum sínum af því að sú öfgafulla umræða sem hefur um skeið fengið að leika lausum hala í evrópskum stjórnmálum virðist nú vera komin til Íslands.

Umræða um málefni innflytjenda er ekki sérlega langt á veg komin á Íslandi þótt hún hafi verið að sækja í sig veðrið síðustu árin. Ef litið er til þróunar í nágrannalöndunum er ljóst að við erum enn að slíta barnsskónum í þessum efnum. Við höfum því tækifæri til að taka málefnið föstum tökum, fylgjast með gangi mála hjá öðrum þjóðum og sjá hvar hægt er að gera betur.



Það sem moskuumræðan í aðdraganda kosninganna leiddi meðal annars í ljós var þörfin fyrir að efla upplýsta og um leið yfirvegaða umræðu í þessum efnum í stað þess að eltast við hraðsoðnar staðhæfingar stjórnmálamanna sem slengt er fram í hita hins pólitíska leiks. Hér er einmitt tækifæri fyrir okkur að brjótast út úr þeirri leiðinlegu hringrás sem innflytjendaumræðan virðist festast

í víðast hvar í Evrópu. Þar berast oft sömu æsifréttirnar landa á milli og eiga þátt í því að skapa það hugmyndafræðilega virki sem þeir öfgafyllstu reyna af fremsta megni að byggja utan um álfuna. Innan þess býr hin evrópska forréttindastétt og situr ein að kjötkötlunum. Á sama tíma er einnig víða unnið markvisst að því að hlaða virki utan um þjóðríkin og þær þjóðir sem þau byggja. Þar verða til virki inni í virkjum.

Normalísering fordóma

Þegar áróður gegn útlendingum er farinn að smeygja sér inn í hina almennu pólitísku umræðu er hætta á því að fordómafullar staðhæfingar sem áður voru sjaldheyrðar frá ráðamönnum þjóðarinnar fari að „normalíserast“. Þetta höfum við séð í löndum í kringum okkur þar sem fordómafull orðræða hefur smám saman nálgast hina pólitísku miðju. Í nýafstöðnum Evrópuþingskosningum fengu öfgahægriflokkar víða gott gengi. Stjórnmálaflokkar sem hafa verið kenndir við „þjóðernispopúlisma“ í Frakklandi, Bretlandi og Danmörku unnu enn fremur stórsigur. Það sem einna helst sameinar þessa flokka ásamt gagnrýni þeirra á Evrópusambandið er andstaða við innflytjendur og frjálst streymi fólks yfir landamæri (þ.e. sín landamæri).

„... má segja að fyrri skoðunum hafi verið pakkað inn í nýjan og praktískari búning.“

Hjá flestum þessara flokka hefur andstaða gegn innflytjendum, og ekki síst múslimum, lengi verið við lýði. Í þessum löndum hafa því óháir slagir verið teknir um moskubyggingar. Þar hefur umræðan aftur á móti þróast í nýja átt síðustu árin og má segja að fyrri skoðunum hafi verið pakkað inn í nýjan og praktískari búning. Þar sem áður var barist gegn slæðum og svínakjöti, framandi atvinnustarfsemi og nýjum trúarbrögðum, ásamt ýmsu fleira sem innflytjendur hafa fært með sér inn í nýtt land, er nú barist fyrir því að stöðva streymið yfir landamærin og um leið takmarka aðgengi nýrra íbúa að hinu opinbera félagskerfi. Virkið skal nú byggt utan um velferðarkerfið.

Bótaferðalangar og ferðamenn í hælisleit

Gott dæmi um normalíseringu á annars fordómafullum staðhæfingum um flutning fólks milli landa, sem teknar hafa verið upp víða í Evrópu, eru hugtök sem þýdd hafa verið sem „bótaferðalangar“ (e. benefit tourism) og „ferðamenn í hælisleit“ (e. asylum shopping). Bæði vísa þau í sömu hugmynd: að einstaklingar af erlendum uppruna sem flytjast til hinna velmegandi landa Evrópu séu einhvers konar sníkjudýr í leit að fríu uppihaldi og verði þannig dragbítar á hinu félagslega kerfi – okkar kerfi sem við höfum borgað í. Umræðan sem slík um streymi fólks milli landa er vissulega mikilvæg nú á tímum þegar miklar breytingar hafa orðið á mynstri fólksflutninga í Evrópu. En útgangspunkturinn er oftar en ekki byggður á fordómum og fáfræði.

„... að einstaklingar af erlendum uppruna sem flytjast til hinna velmegandi landa Evrópu séu einhvers konar sníkjudýr í leit að fríu uppihaldi og verði þannig dragbítar á hinu félagslega kerfi.“

Hér á landi hefur þessi angi umræðunnar ekki farið mjög hátt en þó hefur bólað á svipuðum viðhorfum. Ekki alls fyrir löngu var t.d. rætt í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um rétt fólks til að vita af mikilli og hraðri ásókn „annarra þjóða fólks“ í velferðarkerfi „sem það hefur ekkert lagt til“. Þá varð nokkurt fjaðrafok út af orðum forstjóra Útlendingastofnunar snemma á síðasta ári þegar hún skýrði aukningu á hælisumsóknum á Íslandi og lengri úrvinnslutíma þeirra m.a. með hinum svokölluðu „ferðamönnum í hælisleit“ sem kæmu hingað fyrst og fremst vegna þessa fría húsnæðis og fæðis sem stæði hælisleitendum til boða meðan málsmeðferð ætti sér stað. Gera má ráð fyrir því að meira eigi eftir að heyrast af þess konar málflutningi ef íslenskir stjórnmálamenn ætla sér að halda áfram að elta þau popúlísku „trend“ sem áberandi hafa verið í stjórnmálalandslagi Evrópu.

Innrásin

Umræðan um „innrás“ innflytjenda í velferðarkerfi velmegandi þjóða fór fyrst verulega af stað í hinum ýmsu Evrópulöndum í aðdraganda þess að opna átti fyrir frjálst flæði vinnuafls frá átta nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins árið 2004. Umræðan hefur blossað upp aftur nú þegar opnað var fyrir aðild Rúmeníu og Búlgaríu að opnum vinnumarkaði í byrjun árs 2014. Þrátt fyrir að umræðan hafi verið fyrirferðarmikil og hafi líklega átt stóran þátt í góðu gengi hægriflokka í síðustu Evrópuþingskosningum bendir fátt til þess að ásókn í velferðarkerfi sé ráðandi þáttur í fólksflutningum innan Evrópu.

Ítarleg úttekt á flæði fólks innan Evrópusvæðisins, sem gerð var á síðasta ári fyrir Evrópusambandið, sýnir að staðhæfingar um velferðartúrisma eiga ekki við rök að styðjast. Þvert á móti þiggja innflytjendur víðast hvar minni aðstoð frá hinu opinbera en innfæddir og meðal þeirra er hlutfallslega lægra atvinnuleysi. Þessum upplýsingum hefur þó ekki mikið verið haldið á lofti, enda fer það ekki saman við pólitíska stefnu þeirra sem hæst gjamma.

Umræðan um „ferðamenn í hælisleit“ er oft á svipuðum nótum, en hælisleitendur hafa einnig stundum verið kallaðir „bótaferðalangar í dulargervi“. Hugtökin ein og sér lýsa miklu skilningsleysi á því flókna ferli sem hælisleitandi fer í gegnum og þeim erfiðu sögum sem oftast búa að baki. Auðvitað eru þessi mál ekki svart/hvít fremur en annað og ekki er hægt að alhæfa um stóran hóp fólks. Hælisleitendur ættu þó ávallt að njóta þeirrar verndarstöðu sem alþjóðlegir sáttmálar tryggja þeim. Tölur sýna að margir hælisleitendur sækja vissulega um hæli á fleiri en einum stað, þaðan kemur hugmyndin um ferðamanninn í hælisleit. Dyflinnarreglugerðin, sem gerir ráð fyrir því að fyrsti viðkomustaður flóttamanns í Evrópu skuli sjá um málsmeðferð hans, var m.a. sett á laggirnar til að koma í veg fyrir slíkt. En staðreyndin er sú að aðstæður hælisleitenda í fyrstu móttökulöndum geta verið hörmulegar, biðtíminn langur og framtíðarhorfurnar engar. Víða er enga hjálp að fá og fólk býður árum saman í

ömurlegri vist eftir úrlausn mála sinna sem kannski kemur aldrei. Því er ekki að undra þótt sumir taki málin í eigin hendur og freisti gæfunnar annars staðar.

Opin og heiðarleg umræða

Aukið streymi fólks milli landa hefur vissulega margar breytingar í för með sér og taka þarf á ýmsum krefjandi málum. Hér á landi hefur gott starf verið unnið í móttöku og aðlögun fólks af erlendum uppruna en sífellt verða til ný verkefni og áskoranir. Nauðsynlegt er að umræðan sé frá byrjun opin og heiðarleg, annars er hættan sú að efi og tortryggni verði innbyggð í orðræðuna. Varast ber að afskrifa innflytjendur og flóttafólk með innihaldslausum gífuryrðum og æsifréttum um hnignandi heim. Þannig má vonandi koma í veg fyrir að enn eitt virkið rísi.



PISTILL
Stefán Eiríksson
lögreglustjóri

Gamalgrónum stofnunum breytt

Stefán Eiríksson skrifar um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi sýslumanna og löggæslu.

Í vor samþykkti Alþingi umtalsverðar breytingar á skipulagi löggæslu og framkvæmdavalds og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Í þessum breytingum felst í afar stuttu máli að embættum er fækkað og skilið er á milli starfsemi sýslumanna og lögreglustjóra, en sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja hafa til þessa jafnframt sinnt lögreglustjórn. Þessar breytingar hafa átt sér langan aðdraganda, t.a.m. voru breytingar á skipulagi lögregluembætta lagðar fram á fjórum þingum áður en það var loks afgreitt núna í vor.

Eins og rakið er í frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði eru sýslumannsembættin gamalgrónar og traustar stjórnsýslu- og þjónustustofnanir sem gegna og hafa gegnt mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Umtalsverðar breytingar hafa orðið á starfsemi og skipulagi embættanna á liðnum árum og áratugum. Þær umfangsmestu tóku gildi 1992 þegar grundvallarbreyting

varð á skipun réttarfars í landinu með lögum um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds og nýjum réttarfarslögum. Aftur urðu breytingar árið 2007 þegar lögregluembættum var fækkað í 15, en fjöldi sýslumannsembætta var óbreyttur við þá breytingu. Eftir þá breytingu sinntu þrettán af 24 sýslumönnum jafnframt lögreglustjórn, auk lögreglustjóranna á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Sýslumannsembættin eru í dag 24 en með breytingunni sem tekur gildi um næstu áramót verða þau níu talsins.

„Þær breytingar sem nú hafa verið samþykktar á skipulagi lögreglunnar fela í sér aðskilnað milli sýslumannsembætta og lögreglustjórnar en einnig fækkun lögregluembætta í landinu.“

Helstu ástæðurnar fyrir fækkun og stækkun sýslumannsembættanna eru í frumvarpinu nefndar byggðaþróun og bættar samgöngur, sameining sveitarfélaga og annarra stofnana, bætt samskiptatækni og rafræn þjónusta, krafa um hagræðingu í ríkisrekstri og sú staðreynd að stærri embætti hafa meiri og betri burði til að sinna verkefnum sínum en lítil og fámenn embætti. Þá má einnig sjá í frumvarpinu að horft er til þess að sýslumannsembættin verði miðstöðvar stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn sinna fjölbreyttum verkefnum eins og vel er fjallað um á vefsíðu þeirra www.syslumenn.is. Þar er einnig hægt að fræðast um sögu sýslumanna sem spannar að minnsta kosti 750 ár.

Lögregluumdæmum áfram fækkað


Árið 2007 var lögregluembættum fækkað í 15 og voru meginmarkmið þeirra breytinga að gera lögregluna betur í stakk búna til að takast á við þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt. Umfangsmestu breytingarnar á þeim tíma voru á höfuðborgarsvæðinu þegar þrjú stór lögregluembætti voru sameinuð í eitt. Einnig urðu breytingar á Suðurnesjum með sameiningu lögregluliðanna sem annars vegar sinntu löggæslu á Suðurnesjum og hins vegar á Keflavíkurflugvelli í eitt lið. Lögreglan á Vestfjörðum var einnig sameinuð í

eitt embætti á þeim tíma svo stærstu sameiningarnar séu nefndar. Áfram var það skipulag við lýði á flestum stöðum á landinu að lögreglustjórn var í höndum sýslumanna á viðkomandi stað. Einu frávikin voru á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum eins og áður sagði.

Þær breytingar sem nú hafa verið samþykktar á skipulagi lögreglunnar fela bæði í sér aðskilnað milli sýslumannsembætta og lögreglustjórnar en einnig fækkun lögregluembætta í landinu. Í dag eru þau fimmtán talsins en verða níu frá og með næstu áramótum. Í frumvarpinu er það rakið að fyrir þessari breytingu séu bæði fagleg og fjárhagsleg rök. Með stækkun lögregluumdæma sé stefnt að því að standa vörð um grunnþjónustu lögreglunnar og auka samhæfingu og samstarf innan hennar um allt land. Fækkun og stækkun lögregluliða skapi forsendur til þess að lögreglustjórar vinni mun nánar saman en nú er gert sem leiða muni til aukinnar samhæfingar lögregluliða um allt land.

Nýju embættin

Í dag eru sýslumannsembættin 24 talsins og af þeim sinna 13 jafnframt lögreglustjórn. Til viðbótar þeim eru sérstök lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Nettófækkun embætta sýslumanna og lögreglustjóra frá og með næstu áramótum er því 8 embætti. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á skipulagi lögreglustjórnar á höfuðborgarsvæðinu en þar verða hins vegar þrjú sýslumannsembætti sameinuð í eitt. Að sama skapi verða litlar sem engar breytingar á Suðurnesjum þar sem í dag eru starfandi eitt lögregluembætti og annað sýslumannsembætti. Á Vesturlandi verður eitt sýslumannsembætti og eitt lögregluembætti en sýslumannsembættin þar eru í dag fjögur og þarf af þrjú sem fara með lögreglustjórn. Á Vestfjörðum sameinast fjögur sýslumannsembætti í eitt og þar verður einnig lögregluembætti líkt og er í dag. Tvö sýslumannsembætti á Norðurlandi vestra verða að einu sýslumannsembætti og einu lögregluembætti. Á Norðurlandi eystra eru þrjú sýslumannsembætti en þar verða eitt sýslumannsembætti



og eitt lögregluembætti. Á Austurlandi eru þrjú starfandi sýslumannsembætti, þar verða eitt sýslumannsembætti og eitt lögregluembætti. Á Suðurlandi eru fjögur sýslumannsembætti, þar af þrjú sem jafnframt fara með lögreglustjórn. Áfram verða fjögur embætti á Suðurlandi, þ.e. lögreglustjóri og sýslumaður á Suðurlandi, en að auki verða tvö embætti í Vestmannaeyjum, sýslumannsembætti og embætti lögreglustjóra. Tillögur til umræðu liggja fyrir hjá innanríkisráðuneytinu um nánari staðsetningu einstakra embætta eins og hér má nánar lesa um.

APPIÐ

Ingibjörg Gréta Gísladóttir
Founder & CEO Reykjavik Runway



EVERNOTE

Ég hreinlega ofnota þetta app. Bæði fyrir verkefni sem eru í vinnslu og svo fyrir allskyns tengingar og minnismiða. Algjörlega ómissandi.

LINKEDIN

Besti vinur minn. Auðveldar alþjóðlega tengslamyndun , alla rannsóknarvinnu og svo ekki sé nú minnst á þá snilldarhópa sem þarna eru.

GARMIN CONNECT

Heldur utan um hlaupin, tímana og markmiðin sem ég set mér. Hvatning og stuðningur í senn. Ómissandi hlaupafélagi og með allt á hreinu.

TÆKNI Parrot Minidrone er væntanlegur á markað síðar á þessu ári

Er þetta fugl? Er þetta flugvél? Nei, þetta er pinkulítið og, að sögn, stórskemmtilegt flýgildi (e. drone).

Flýgildi eru frábær leikföng og geta fleytt leikjum á fáránlegt æðra stig. Vandamálið við þau er að þau hafa hingað til verið svo dýr að ómögulegt hefur verið að réttlæta kaup á þeim. Parrot Minidrone, flýgildi, er hannað sem leikfang. Og kostar ekki handlegg. Því gæti vel verið að ný öld tækniváddra leikfanga sé rétt handan við hornið.

Flýgildið er ekki kallað „minidrone“ að ástæðulausu. Það er hægt að halda á honum í lófanum.

Flýgildinu er stjórnað með iPhone-appi. Það er knúið áfram af fjórum hreyflum og hljómar eins og býflugnahjörð.

Framleiðendur tækisins lögðu mikla áherslu á að flýildið væri stöðugt og auðvelt í notkun, enda börn stór breyta í markhópnum.

Bluetooth 4.0 er notað til að búa til tengingu við flýildið þannig að hægt sé að stjórna því.





Samfélagsmiðill fagmannsins

LinkedIn er öflugasti samfélagsvefur í heimi fyrir fólk í atvinnulífinu. Hann nýtur sífellt vaxandi vinsælda á Íslandi.

MARKAÐSMÁL
Jón Heiðar Þorvaldsson
@jonheidar

Samfélagsmiðlar eru gjarnan settir undir sama hatt þótt þeir séu ólíkir. Á Twitter ráða íþróttir, frægðarfólk og fréttir ríkjum. Facebook er vinsælasti miðillinn, að minnsta kosti á Vesturlöndum, og þar gildir hið fornkveðna að maður er manns gaman. Fólk segir frá tilveru sinni, rífst um pólitík og fylgist með daglegu lífi annarra. Látum vera að þar dragi fólk stundum upp glansmynd af lífi sínu og meintum dugnaði. Oft er sagt um Instagram að þar séu fyrst og fremst myndir sem hipsterar hafa tekið af matnum sínum en auðvitað er þar mikið af skemmtilegu efni sem ekki er matarkyns.

Vinnumarkaður á heimsvísu

Hér verður fjallað um öflugasta samfélagsvef heims fyrir fólk í atvinnulífinu, sem kallast LinkedIn, en hann nýtur vaxandi vinsælda hér á Íslandi eins og annars staðar. Í raun myndar LinkedIn risastóran vinnumarkað á heimsvísu. Hann er því ágætt dæmi um hvernig internetið stóreykur tækifæri fólks þvert yfir öll landamæri. Til eru fleiri vefir sem geta nýst þeim sem eru í alþjóðlegri atvinnuleit og má þar sérstaklega nefna Monster.com.



Mörg hundruð milljón notendur

LinkedIn var opnaður í maí 2003 en í dag er vefurinn á tuttugu tungumálum og með um 300 milljón notendur í 200 löndum. Flestir eru notendur vefsins í Bandaríkjunum, um 93 milljónir, en Indverjar og Brasílíumenn koma næst á eftir. Talið er að um 187 milljónir manna noti vefinn á hverjum mánuði og tveir nýir notendur bætist við á hverri sekúndu.

Tengslanetið allt á einum stað

Flestir nota LinkedIn sjálfsagt til að halda utan um og efla tengslanetið sitt. Vefurinn gerir þetta bæði auðvelt og skemmtilegt. Það er jú gaman og gagnlegt að hitta á fólk sem maður hefur haft góð kynni af í störfum sínum og tengjast því. LinkedIn er einnig gagnlegur þeim sem eru í atvinnuleit, enda er ítarleg leitarvirkni fyrir laus störf á vefnum og með honum er auðvelt að nálgast hugsanlega vinnuveitendur eða þá sem starfa við ráðningar. Auðvelt er að setja upp ferilskrá og biðja aðra um meðmæli.

Leikur einn

Virknin á LinkedIn er að sumu leyti leikjavædd (gamified). Sjá má hversu oft prófíllinn manns er skoðaður samanborið við aðra í tengiliðalistanum eða vinnufélaga og hvort maður sé á uppleið eða niðurleið í vinsældum. Ef persónuverndarstillingar leyfa getur maður séð hverjir hafa skoðað prófíl manns. Þeir sem eru með áskrift að LinkedIn fá auknar upplýsingar um hverjir hafa verið að „njósna um mann“. Hægt er að skrifa umsögn um fólk í tengslanetinu sínu eða gefa því stig fyrir einhverja hæfni. Sjálfsagt geta menn dregið margvíslegar ályktanir um stöðu sína og annarra á vinnumarkaðinum með því að stúdera slíka hluti. Hver verður svo að meta hversu mikið er að marka þetta allt saman.

Risastór gagnagrunnur um fagmenn heimsins

Allt þetta þýðir að LinkedIn situr á gagnagrunni sem inniheldur víðtækar upplýsingar um hæfileika, tengslanet og starfsreynslu mörg hundruð milljóna manna um heim allan. Þessi staðreynd gerir LinkedIn að gullnámu fyrir hausaveiðara og mannauðsstjóra sem geta keypt aðgang að þessum upplýsingum. Það ætti ekki að koma á óvart að LinkedIn er afar vinsæll vefur hjá þessum aðilum á heimsvísu.



Dýrmætur miðill fyrir fyrirtæki

LinkedIn líkist Facebook að því leyti að þar geta einstaklingar sett inn stöðuuppfærslur, líkað við efni og deilt því áfram. Fyrirtæki geta sett upp og rekið fyrirtækjasíður líkt og á Facebook og er það reynsla þess sem hér skrifar að LinkedIn er orðinn mjög dýrmætur samfélagsmiðill fyrir þá sem starfa á fyrirtækjamarkaði. Á það bæði við um markaðssókn á Íslandi og erlendis. Hægt er að auglýsa á LinkedIn en því miður er ekki hægt að beina auglýsingum sérstaklega að íslenskum notendum enn sem komið er. Fyrir þá sem stunda alþjóðlega markaðssetningu er vert að geta þess að hægt er að beina auglýsingum að markhópum með mikilli nákvæmni. Til dæmis má birta auglýsingar sérstaklega hjá fólki með ákveðna starfstitla hjá starfsmönnum einstakra fyrirtækja.

Fylgst með sínu fagi

Fyrir þá sem vilja fylgjast vel með í sínu fagi er margt í boði á LinkedIn. Hægt er að ganga í umræðuhópa um eiginlega allt á milli himins og jarðar, en um 2,1 milljón hópa er á LinkedIn. Talið er að um átta þúsund nýir hópar séu stofnaðir í viku hverri. Á vefnum má einnig lesa fréttir og greinar úr viðskiptalífinu eða fylgja eftir þekktum frumkvöðlum og fræðimönnum sem skrifa greinar á sviði tækni, viðskipta og fjármála. Þetta efni er oft alveg þrælgott og eftir að LinkedIn setti kraft í fréttaveituna sína og greinarbirtingar hefur sá sem hér skrifar aukið notkun sína á LinkedIn mikið.


Dökku hliðarnar

Enginn miðill er gallalaus og það er margt sem betur mætti fara á LinkedIn. Það vantar til dæmis ekki vinabeiðnir og skilaboð frá sölumönnum og það er svona á mörkunum hversu mikið af upplýsingum um náungann er hægt að fá á þessum vef.

Þeim sem hér skrifar finnst sérkennilegt að fá vinabeiðnir frá bláókunnugu fólki alls staðar að úr heiminum en oftar en ekki eru skýringar á slíkum vinabeiðnum. Það er stórt vandamál við LinkedIn að vefurinn er vinsæll hjá

tölvuglæpamönnum, sem nýta hann í árásum sem byggja á svokölluðum Social Engineering-aðferðum. Þá spila menn á mannlega hegðun til að brjótast inn í tölvu- og upplýsingakerfi fyrirtækja og stofnana. Til dæmis má hugsa þetta þannig að tölvuglæpamenn stofni trúverðugan prófíl á LinkedIn (eða einhverjum öðrum samfélagsmiðli) og sendi fjölda vinabeiðna á starfsmenn þess aðila sem á að brjótast inn hjá. Síðan má byrja að senda skilaboð sem innihalda tengla á vefsíður sem innihalda spilliforrit sem gera tölvuþrjótum kleift að stela gögnum. Einnig þekkist það að tölvuglæpamenn sendi út tölvupósta sem líta út eins og vinabeiðni á LinkedIn en innihalda tengla á spilliforrit sem nota má til að valda alls kyns óskunda. Það er ágæt regla að smella aldrei á tengla í tölvupóstum af slíku tagi heldur athuga á LinkedIn-vefnum eða í LinkedIn-appinu að vinabeiðnin er þar fyrir hendi. Ef svo er ekki er réttast að merkja póst sem ruslpóst og eyða honum snemmhendis. Ef vinabeiðnin er að sönnu frá LinkedIn þarf að meta hvort eigi að tengjast viðkomandi aðila.





Formúla E

Rafbílaformúlukeppni í kappakstri er að ryðja sér til rúms. Fyrsta opinbera keppnin fer fram í september.


BÍLAR
Gísli Sverrisson

Efasemdaraddir um framtíð rafbílsins verða sífellt lágværari um þessar mundir, samfara mikilli aukningu á framboði og sölu rafbíla. Rafvæddur bílafloti hljómaði fyrir skemmstu eins og vísindaskáldsaga en færist nú nær því að vera hversdagslegt umfjöllunarefni, jafnvel óspennandi.

Sumir kunna að líta á Formula E, rafbílaformúluna, sem staðfestingu þess að rafmagnsbílar séu komnir til að vera. Alþjóða akstursíþróttasambandið (FIA) staðfesti tilurð þessarar keppnisgreinar árið 2012 og nú er svo komið að fyrsta keppnin mun fara fram í september næstkomandi.

Formula E-mótaröðin verður með nokkuð öðru sniði en sú kappakstursmótaröð sem Íslendingum er nærtækast að bera hana saman við, Formúlu 1.

Keppnistímabilið byrjar að hausti og stendur fram á vor. Á fyrsta tímabilinu verður keppt á tíu brautum, en allar Formula E-brautirnar eru á götum stórborga sem tímabundið er breytt í keppnisbrautir. Keppnisdagatalið inniheldur m.a. hina sögufrægu akstursbraut í Mónakó, en einnig verður ekið um stræti Berlínar, Lundúna, Peking, Miami og Buenos Aires, svo eitthvað sé nefnt.



Tíu lið hafa staðfest þátttöku sína og mun hvert þeirra skipa tvo ökumenn og hafa fjóra bíla til umráða. Bílarnir verða eingöngu knúnir rafmótorum. Á komandi keppnistímabili hafa öll liðin sömu gerð bíla til umráða en á næsta ári munu þau svo geta þróað eigin bíla. Bílarnir eru 270 hestöfl í tímatökum en 180 í sjálfri keppninni. Ökumenn munu svo geta aukið aflið um 90 hestöfl í ákveðið mörg skipti í hverri keppni til að auðvelda sér framúrakstur.

Ólík stigagjöf

Hvert mót mun eiga sér stað á einum degi, til að lágmarka kostnað og röskun á keppnisstað. Klukkutíma löng æfing er fyrst á dagskrá, síðan tekur við 90 mínútna tímataka til að ákvarða rásröð og loks keppnin sjálf. Sem fyrr segir hafa liðin fjóra bíla og getur því hver ökumaður notað tvo í hverri keppni, en nauðsynlegt er að skipta um bíl að minnsta kosti einu sinni þar eð rafhleðslan dugar ekki alla leið. Ólíkt Formúlu 1 verða gefin stig fyrir ráspól og sá ökumaður sem setur hraðasta hring fær líka stig fyrir það afrek.

Stigum er svo safnað yfir tímabilið og sá ökumaður og það lið sem flestum stigum safnar verður heimsmeistari þegar yfir lýkur.

Aðstandendur mótaraðarinnar hafa tvö meginmarkmið að leiðarljósi. Hið fyrra er að styðja við og ýta undir þróun rafbílatækni, en í Formúlu 1 er það þekkt fyrirbrigði að tækni sem þar lítur dagsins ljós endi í fjöldaframleiddum bílum. Síðara markmiðið er að auka tiltrú almennings á rafbíla. Þeir hafa löngum átt við ímyndarvanda að stríða, fólk telur þá óhentuga og hægfara, en þessu vilja aðstandendurnir breyta með því að sýna fram á hæfni rafbíla í keppni. Kjarninn hefur áður fjallað um þegar rafbíll varð fyrstur ökutækja til að ná meira en 100 kílómetra hraða, en síðan hefur rafbíllinn orðið rækilega undir í glímunni við sprengihreyfilinn.

Talsverður áhugi hefur myndast fyrir fyrsta keppnistímabili Formula E og hafa ýmsir nafntogaðir einstaklingar verið bendlaðir við mótaröðina. Sir Richard Branson er eigandi eins liðsins sem ber nafn fyrirtækjasamsteypu hans Virgin og leikarinn frómi Leonardo DiCaprio er einn af eigendum Venturi-keppnisliðsins. Auk þess eru margir fyrrverandi Formúlu 1-ökuþórar orðaðir við ökumannssæti þótt fáir hafi enn verið staðfestir.

Stórar sjónvarpsstöðvar komnar með sýningarétt

Stórar sjónvarpsstöðvar hafa tryggt sér sýningarrétt á Formula E, þar á meðal FOX Sports, ITV og hið kínverska CCTV.

Ekki er gott að segja til um hverjar viðtökur almennings verða í haust, en mikið hefur verið lagt í að keppnin verði sem jöfnust. Bílarnir eru vissulega svifaseinni en Formúlu 1 bílar, en greinarhöfundur telur að það muni ekki koma að sök hvað spennu varðar. Hann hefur jafnvel heyrt af fólki sem horfir á golf í sjónvarpinu og þar er nú sjaldan asi á mönnum.



Lucas di Grassi reynsluekur Formula E-bíl



Að birta og gleyma svo öllu

Réttur manna til þess að birta og geyma upplýsingar, og síðan persónuverndarsjónarmið, takast á í nýjum dómum Evrópudómstólsins.

UPPLÝSINGATÆKNI

Róbert Hlynur Baldursson

Leitarvélar á netinu eru bókasöfn nútímamannsins. Rúmur helmingur Íslendinga notar Google daglega og tæplega 90 prósent vikulega samkvæmt könnun MMR. Bókasöfn, útgáfufyrirtæki og fjarskiptafyrirtæki hafa aðlagast þessari stafrænu þróun þannig að efni er nú aðgengilegt lesendum hvar sem er.

Vel heppnað

Vefurinn timarit.is er ágætt dæmi um vel heppnað verkefni af þessu tagi. Þar geta lesendur nú nálgast hátt í níu hundruð titla og meira en fjörutíu þúsund greinar á stafrænu formi. Vefurinn býður einnig upp á leitarsíu sem auðveldar notendum að finna efni frá upphafi útgáfustarfsemi á Íslandi, þar á meðal dagblöð fram til dagsins í dag. Timarit.is hefur án efa bætt aðgengi almennings að fjölmiðlum fortíðarinnar, ekki aðeins vegna þess að fólk getur nú nálgast þetta efni á netinu án endurgjalds heldur sömuleiðis vegna þeirra fjölbreyttu leitarmöguleika sem síðan býður upp á.

En ekki eru allir á eitt sáttir um hvort efni sem tengist fortíð þeirra, ástvina og fjölskyldumeðlima eigi yfir höfuð erindi við lesendur. Nú er talað um „réttinn til að gleymast“ eftir að Evrópudómstóllinn staðfesti hinn 13. maí að Google bæri að fjarlægja upplýsingar um Spánverjann Mario Costeja Gonzáles sem birtust árið 1998.

„Vefurinn timarit.is er ágætt dæmi um vel heppnað verkefni af þessu tagi.“

Gonzáles var ósáttur við tvær tilkynningar sem birtust í spænska blaðinu La Vanguardia og Google tók upp í leitarniðurstöðum sínum um nauðungaruppboð á fasteign í eigu Gonzálaes vegna skulda almannatrygginga. Spænska gagnaverndin (AFPD) sótti málið fyrir hans hönd og taldi að þótt La Vanguardia hefði löggilda ástæðu fyrir því að birta upplýsingarnar bryti miðlæg söfnun og úrvinnsla slíkra upplýsinga gegn friðhelgi einkalífs, sérstaklega þegar leitað væri að nöfnum manna. Á þetta sjónarmið féll dómstóllinn, sem taldi leitarlista geta brotið gegn friðhelgi einkalífs, og sagði „ … þessar upplýsingar geta átt við um ýmsa þætti einkalífs hans og án leitarvélarinnar hefði verið erfitt að tengjast upplýsingunum. Netnotendur geta þar af leiðandi fengið mjög nákvæma mynd af fólki sem leitað er að.“

Þessi dómur getur þar af leiðandi haft margvísleg áhrif á fjölmiðlun og eðli upplýsinga, þar sem lesendur fréttaveita geta óskað þess að færslur um þá verði fjarlægðar jafnvel þótt þær hafi upphaflega verið birtar með löglegum hætti. Í þessu sambandi talar Evrópudómstóllinn um að

gæta jafnvægis, þar sem meta verði vægi upplýsinganna í þjóðfélagsumræðunni. Dómurinn setur ekki skorður við söfnun og varðveislu slíkra upplýsinga en segir að gæta verði að persónuvernd við úrvinnslu og framsetningu þeirra.



Innleidd á Íslandi

Sú Evróputilskipun sem málið byggist á var innleidd á Íslandi með lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Svona mál hafa einmitt komið upp á Íslandi og árið 2011 kvartaði einstaklingur til Persónuverndar vegna uppboðstilkynningar sem hægt var að finna með einfaldri leit að nafni hans á timarit.is. Málið var látið niður falla þegar Landsbókasafn ákvað að fela skyldi þessar leitarniðurstöður.

Persónuvernd lagði einnig áherslu á að leitarmöguleikar yrðu takmarkaðir í umsögn við lög um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðsins, þannig að ekki yrði til leitarbær grunnur þar sem nálgast mætti

persónuauðkenni manna til frambúðar. Í umsögn árið 2002 benti Persónuvernd á að slík skráning yrði sambærileg vanskilaskráningu sem færi eftir sérstökum reglum sem eiga að tryggja að fólk sé ekki á skrá um alla framtíð. Í umsögninni árið 2002 sagði:

„Þegar nauðungarsölu er lokið, svo dæmi sé tekið, hefur skráningin um hana ekki lengur það gildi sem hún upphaflega hafði. Sumar af þeim upplýsingum, sem birtar eru, geta haft gildi um langan tíma, en þó kemur að því að þær hætta að þjóna hlutverki sínu. Sem dæmi um það má nefna upplýsingar um kaupmála hjóna eftir að þau hafa skilið lögskilnaði.“



Persónuvernd tók þó fram í umsögn sinni að þótt leitarmöguleikar væru takmarkaðir ættu upplýsingarnar samt sem áður að vera aðgengilegir, svo sem ef kæmi til dómsmáls eða rannsóknar. Lengi vel var hægt að leita að fólki í Lögbirtingablaðinu eftir kennitölum eða persónuauðkennum þrátt fyrir að lög stemmdu við slíku og hlutaðist Persónuvernd til um að þeir möguleikar voru fjarlægðir árið 2010.

Þórður Sveinsson, lögfræðingur Persónuverndar, segir að einstaklingar skuli hafa samband við stjórnanda leitarvélar ef þeir vilji óska þess að upplýsingar um þá séu fjarlægðar. „Sé þeim annaðhvort ekki svarað eða kröfum þeirra synjað geta þeir leitað til Persónuverndar.“

Áhrif á starfsemi leitarvéla

Þrátt fyrir að þessi dómur liggi fyrir og muni líklega hafa áhrif á starfsemi leitarvéla í Evrópu eru margar leiðir hjá honum, svo sem í gegnum önnur lönd eða vefsvæði. Ekki er kveðið á um „réttinn til að gleymast“ formlega í löggjöf ESB en nú er þar til meðferðar reglugerð sem afmarkar þennan rétt og skyldar ábyrgðaraðila til að gera viðeigandi ráðstafanir, svo að hlekkjum á netinu og afritum verði eytt eða þau falin. Google í Evrópu hefur nú þegar brugðist við í samræmi við þessi drög og boðið upp á nýja leið þar sem netverjar geta farið fram á að upplýsingar um þá verði fjarlægðar.

„Það má hæglega ímynda sér það að flóðgáttir opnist vegna slíkra beiðna, bæði frá einstaklingum, valdhöfum og fyrirtækjum sem kysu að ákveðnar upplýsingar væru ekki til eða auðveldlega aðgengilegar. Þá er einkafyrirtæki, í þessu tilfelli Google, skipað einhvers konar ritstjórnarhlutverk á netinu. Það er í besta falli óeðlilegt,“ segir Guðjón Idir, framkvæmdastjóri Alþjóðlegrar stofnunar um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, IMMI.

Árið 2010 samþykkti Alþingi einróma þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórn Íslands að „leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð“. IMMI hefur unnið ötullega að framgangi þessarar þingsályktunartillögu frá árinu 2010 með ráðgjöf, kynningum og rannsóknum. Skipaður var stýrihópur árið 2012 til að vinna greinargerð um stefnumörkun fyrir efnisþætti nauðsynlegra lagabreytinga. Þessari greinargerð átti að skila í maí en sú vinna hefur tafist og verður líklega ekki kynnt fyrr en á haustþingi.

Í dómi Evrópudómstólsins takast á tvö öndverð sjónarmið, um réttinn til að gleymast og réttinn til að birta upplýsingar, og því má spyrja hvað hann þýðir fyrir netfrelsi og áform um gerð fríkis upplýsinga á Íslandi. „Við stöndum fyllilega með réttinum til friðhelgi einkalífs. En þessi dómur varðar ekki friðhelgi einkalífs, heldur rétt til að gleymast. Hægt er að rökræða einstök mál en þegar horft er á stóru myndina er

takmörkun á upplýsingamiðlun hættuleg lýðræðinu. Þá má ekki gleyma því að Google er leitarsíða. Upplýsingarnar eru eftir sem áður til á internetinu," segir Guðjón Idir.

Meðhöndlun gagna skýrð

Hinn 8. apríl kvað Evrópudómstóllinn upp annan dóm sem sömuleiðis styrkti persónuvernd í meðhöndlun gagna, þegar hann komst að því að tilskipun Evrópusambandsins um gagnageymd stæðist ekki lög. Sú tilskipun, sem beið afgreiðslu á Íslandi, skyldar fjarskiptafyrirtæki til að geyma upplýsingar um viðskiptavini sína í tólf til þrjátíu og sex mánuði. Þessar upplýsingar væru jafnframt aðgengilegar lögregluyfirvöldum hvers ríkis.

„Þessi dómur, um ólögmæti gagnageymdar, styrkir sjónarmið IMMI og fleiri um afnám gagnageymdar, en fastlega var búist við þessari útkomu þar sem gagnageymdar-tilskipunin gekk í berhögg við ýmis lög, þar á meðal stjórnarskrárbundin réttindi fólks í Evrópu.

Síðari dómurinn (um réttinn til að gleymast, innskot blm.) getur, ef fram heldur sem horfir, haft alvarlegar afleiðingar fyrir upplýsingabyltinguna, aðgang að upplýsingum almennt og netið í heild sinni," segir Guðjón Idir.





Margrét Erla Maack
danskennari og sirkuslistamaður

kjarninn 12. júní 2014

Íslenskar Almannagjár

Magga Maack skrifar um graða og tilætlunarsama ferðamenn og áreitið sem þeim fylgir.

Dagarnir lengdust og svo kom júní. Kuldaleiðrétting síðasta sumars er sannarlega hafin með tilheyrandi freknum og sólarhangsi. Óli frændi minn hefur flutt skrifstofu sína á bakka Vesturbæjarlaugarinnar (mínus rottudaga) og ferðamennirnir í flísinu eru mættir. Sama í hversu stórum borgum þeir búa hika þeir ekki við að stoppa óforvarendis úti á götu til að taka myndir af litríkum húsum eða Hallgrímskirkju. Þeir fylla alla veitingastaði og kaffihús svo Þór Saari-inn sem blundar í okkur vaknar og fussar um að aldrei sé hægt að fá sæti. Samt vitum við innst inni að við Íslendingar trítum okkur svo sjaldan að það eru þessir ferðamenn sem halda stöðunum uppi.

Varúð. Hér á eftir verður nokkrum sinnum sagt „ríða“. Það eru ekki þessir túristar sem ergja mig. Það eru nefnilega ennþá að koma Dirty Weekend-túristar. Auglýsingin var keyrð fyrir meira en áratug. Þegar ég opnaði umræðu um

þetta um daginn sagði vinur minn mér að auglýsingin „hefði ekki átt að vera um þetta“ heldur „hefði átt að vera fyrir pör til að sletta úr klaufunum“. Eitthvað hefur sú markaðssetning mistekist.

„Öðk, ég hef nokkrum sinnum lent í útlendingum sem spyrja mig til vegar, telja sig ekki vita hvar hótelið sitt sé. Þegar ég hef útskýrt fyrir þeim hvar hótelið er þykjast þeir ekki skilja og bjóða mér að sýna sér hvar hótelið sé, jafnvel gegn því að ég fái mér drykk með þeim á hótelherberginu. Drykkirnir á Íslandi eru jú, svo dýrir að maður getur ekki afþakkað svo gott boð? eða hvað... *dæs* “

Setta María

Internetið er fullt af heterónormatívum greinum um How to Score in Iceland og How to Land an Icelandic Beauty. Ég hef aldrei séð grein um hvernig á að næla sér í íslenskan strák. Ég fæ stundum gríðarlegt samviskubit að vera ekki að leggja lóð mitt á vogarskálarnar. Kannski væri íslenska krónan mun sterkari ef ég hefði bara farið heim með öllum þessum dónaköllum og lokað augunum og hugsað um Ísland.

„Mér líður stundum eins og þeir haldi að þeir hafi fengið aðgang að líkama mínum í kaupbæti með flugmiðanum.“

Klara Arnalds

Ég hef tvisvar látið færa mig til í flugvél því að mennirnir við hliðina á mér byrjuðu strax í fluginu. Einn frá New York, annar frá London. Ég hafði „þekkt“ þann fyrri í fjórar mínútur þegar hann eiginlega heimtaði að ég kæmi með honum inn á flugvélaklósettið. Hinn var örlítið opnari, þegar hann sá að umræða um að ríða mér féll ekki í góðan jarðveg var hann til í „other beautiful girls like you“.

„Ég lendi mest í þeim þegar ég er að DJ-a þá byrja þeir að spyrja spurninga sem hver og einn djammari gæti svarað þeim og eftir það standa þeir og stara og byrja svo að segja óviðeigandi hluti.“

Sigrún Skaftadóttir

Það er mælt með því í bókinni Bang Iceland að „króa stelpur af“ – útiloka þær frá vinum sínum. Stelpur sem starfa sem plötusnúðar, eins og Sigrún, eru þá þegar einar og komast ekki í burtu. Starfsstúlkur á bar hafa svipaða sögu að segja. Að ganga í gegnum skemmtistaði á þessum tíma árs þýðir að hrasa um túristastandpínurnar sem ýtast í lærið á manni. Farfuglarnir bjóða öllum stelpunum upp á skot. Fallega gert – en, ein greinin gefur einmitt þetta ráð: Hella þær fullar. Það hlýtur einhver að bíta á. Ef ekki núna, þá einhver helluð gella í eftirpartíi. Reyndar segir greinin líka að það sé ágætisregla að fara ekki heim með stelpu sem er svo full að hún geti ekki haldið uppi samræðum. Takk. Takk fyrir tillitssemina. Og einn penni birtir statistík: Ef þú reynir við 46 stelpur mun ein þeirra fara með þér heim.

„Einn Bandaríkjamaður sagði mér að hann hefði verið hérna í þrjá daga yfir helgi án þess að „fá að ríða“ og spurði mig hvað hann væri að gera rangt. Ég benti honum á að hér væri samkoma fólks en ekki kynfæra og sú vitneskja gæti jafnvel fleytt honum langt í þessu verkefni sínu.“

Gunnar Hrafn Jónsson

Ráðið sem sárvantar í þessar greinar er að þeir sem eiga í erfiðleikum með þetta á heimavelli eiga líka í basli annars staðar í heiminum. Í partíi síðustu helgi ræddum við vinirnir um að fara í bæinn. Við stelpurnar nenntum því ekki. „Ég nenni ekki dirty weekend-stemmingunni.“ Strákarnir furðuðu sig á því að þetta væri í alvöru vandamál. Eftir útskýringar og sögur, sem nota bene hver einasta stelpa átti,

var ákveðið að sleppa bæjarferðinni. Enda er það líka orðið þannig á sumum stöðum að ef Íslendingur álpast inn finnst túristunum eins og þeir hafi séð fágætt dýr í safaríferð. Þeir fylgjast með hverri hreyfingu og hugsa „Lets see how the Icelandic person parties“. Oftast snýst það um að snúast á hæl og fara beina leið út aftur.

„Tveir menn kynntu sig fyrir mér. Eftir að hafa sagt þeim hvað ég héti spurðu þeir hvort ég vildi koma með þeim í threesome. Þegar ég hafnaði því kurteisislega urðu þeir móðgaðir og sögðu: „But wait – aren‘t you supposed to be, like, a slut?““

Unnur Eggertsdóttir

Ég held að þetta kvót sé mitt uppáhalds, því að þetta er akkúrat stemmingin. Þeir eru nefnilega ekkert að eyða tíma í að heilla konu upp úr skónum. Ég hef ekki enn fundið greinina sem gefur ráðið: KYNNTU ÞIG, OG SPURÐU SVO: VILTU RRRRRRÍÐA? en flestir farandhöstlerarnir sem ég hef átt samskipti við virðast hafa lesið þá grein. Sá skemmtistaður sem setur upp skiltið „No Dirty Weekend Tourists Please“ fær öll mín djammskipti í sumar. Annars sjáumst við bara á tjúttinu í haust.